

FLE BLAÐIÐ



Félag löggiltra
endurskoðenda

Janúar 2021

1. tölublað
43. árgangur

Geta endurskoðendur bjargað heiminum?

Áhrif COVID-19 á ársreikninga 2020

Staðgreiðsla skatts
af arði til lögaðila
innan EES

Misskilningur
í sextíu ár

Fjárskipti hjóna
og sambúðarfólks

FYLGJT ÚR HLÆÐI

FLE blaðið hefur verið fastur þáttur í tilveru endurskoðenda í tugi ára. Einu sinni á ári eru skrifaðar greinar um fagleg málefni sem skipta okkur endurskoðendum máli, fréttir af innra starfinu og fleira gagnlegt og skemmtilegt. Blað eins og FLE blaðið var bráðnaðsynlegt þegar byrjað var að gefa það út og áfram í gegn um áratugin, því umfjöllun í rituðu máli um okkar mál var að skorum skammti og það gat verið erfitt að fylgjast með nýjungum og breytingum.

Síðan kom Internetið og aðgengi að ýmsu efni gjörbreyttist. Nú er hægt að vafra um netið og sækja sér ýmsan fróðleik, um fagið okkar og annað, alls staðar úr heiminum. En efni á íslensku, okkar ylhýra, það er áfram af skorum skammti, auðvitað má segja, þar sem málsvæði okkar er svo lítið. En einmitt vegna þessa þá gegnir okkar ágæta félag og þetta frábæra blað okkar ótrúlegu hlutverki, með því að gangast fyrir að skrifaðar eru vandaðar greinar um mikilvægt efni fyrir okkur endurskoðendur, greinar sem annars væru ekki skrifaðar á íslensku.

Á FLE vefnum er safnað saman efni, úr FLE blaðinu, af námskeiðum og af öðrum vettvangi. Efni um fagið okkar, á íslensku. Hvað sem segja má um hitt tungumálið okkar, enskuna, þá er íslenska alltaf best.

Nú má spyrja hvort ekki sé ástæða til hætta að gefa út blaðið á prenti, er ekki kominn tími á að hafa þetta aðeins vefútgáfu? Það er ekki ólíklegt að það fari að líða að því, en ekki alveg strax. Hér kemur til þetta margfræga kynslóðabil, bil sem þarf að gefa tíma til að líða hjá, því enn eru margir í okkar stétt sem líður betur með að höndla pappírinn en lyklaborðið. Enda eðlilegt, endurskoðendur eru allt frá því að vera á þrítugsaldri yfir á áttræðisaldurinn. Og hver veit nema að eftir nokkur ár þá gangi prentað mál í endurnýjun lífdaga. Er ekki komið í tísku að hlusta á tónlist af vínillötum, eitthvað sem varð úrelt fyrir 40 árum?

En blað þessa árs er, eins og alltaf, stútfullt af áhuga-verðu og skemmtilegu efni. Ég hvet alla til að fletta í gegnum blaðið, hér eiga allir að geta fundið sér eitt-hvað við sitt hæfi.

Janúar 2021

Herbert Baldursson, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, Kjartan Arnfinnsson og Ingibjörg Ester Ármannsdóttir

ÚTG: FÉLAG LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð ritnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarrétthafa.

VINNSLA BLAÐSINS

RITNEFND FLE:

Herbert Baldursson, formaður,
Ágústa Katrín Guðmundsdóttir,
Kjartan Arnfinnsson,
Ingibjörg Ester Ármannsdóttir

Prentun: Litróf

Umsjón: Hrafnhildur Hreinsdóttir
Janúar 2021, 43. árgangur 1. tölublað



SKRIFSTOFA FLE, HELSTU UPPLÝSINGAR

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15

Sími: 568 8118, Tölvupóstfang: fle@fle.is, Vefsíða FLE: www.fle.is

Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri sigurdur@fle.is

Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri fle@fle.is

EFNI BLAÐSINS

Fylgt úr hlaði.....	3
Af stjórnarborði.....	4
Geta endurskoðendur bjargað heiminum?	8
Áhrif COVID-19 á ársreikninga 2020.....	15
Fjárskipti hjóna og sambúðarfólks.....	19
Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2020 - 2021.....	24
Misskilningur í sextíu ár.....	26
Staðgreiðsla skatts af arði til lögaðila innan EES.....	28
Það helsta í starfsemi FLE.....	30
Nýtt hlutverk Endurskoðendaráðs.....	33
Félag kvenna í endurskoðun.....	36
Nýir löggiltir útskrift í desember 2020.....	38
Til hamingju með afmælið - árið 2021.....	39



Ritnefnd FLE, frá vinstri Kjartan Arnfinnsson, Herbert Baldursson og Ingibjörg Ester Ármannsdóttir. Á myndina vantar Ágústu Katrínu Guðmundsdóttur.





Hagsmunagæsla er einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi félagsins þó eðli þeirrar vinnu sé kannski þannig að árangurinn vekur ekki mikla athygli þegar vel tekst til.

AF STJÓRNARBORÐI

Bryndís Björk Guðjónsdóttir formaður FLE

Í stjórn sitja auk formanns: varaformaður Páll Grétar Steingrímsson, Arnar Már Jóhannesson ritari, Hlynur Sigurðsson gjaldkeri og Ingunn Hafdís Hauksdóttir meðstjórnandi sem nýlega kom inn í stjórn í stað Önnu Kristínar Traustadóttir. Stjórn hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef þurfa þykir. Á árinu 2020 voru stjórnarfundirnir tíu. Rekstur félagsins hefur verið í föstum skorðum um árabíl og hefur síðasta ár gengið með ágætum þrátt fyrir talsverðar ögrunir í rekstrarumhverfi þess.

Ný lög um endurskoðendur og endurskoðun tóku gildi í upphafi árs 2020. Við gildistöku laganna hefur skylduaðild endurskoðenda að félaginu verið afnumin, ekki er lengur skylda á félaginu að annast framkvæmd gæðaeftirlits og veiting löggildingar hefur flust frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til endurskoðendaráðs. Enn sem komið er hafa ekki orðið miklar breytingar á félagsaðild endurskoðenda og vonandi sjá endurskoðendur hag sínum áfram best borgið með öflugum og sameiginlegu félagi. Hvað gæðaeftirlit varðar hefur endurskoðendaráð leitað til félagsins um aðstoð við framkvæmd hluta gæðaeftirlits. Félagið hefur sýnt málinu skilning og aðstoðað endurskoðendaráð eins og kostur er. Ekki hefur verið gengið frá hvort eða með hvaða hætti aðkoma félagsins yrði. Félagið sinnir áfram að halda utan um endurmenntunareiningar fyrir félagsmenn sína.



Aðildarmerki FLE hefur verið útbúið og var sent á alla félagsmenn í byrjun desember síðastliðinn. Félagsmenn geta nú sett aðildarmerkið á heimasíðu endurskoðunar-fyrirtækis síns, útgáfur og annað efni.

Það er erfitt að fjalla um árið 2020 án þess að nefna COVID-19. Þessi vágastur hefur haft áhrif á líf og störf okkar allra. Áhrifin á félagið hafa verið umtalsverð og koma sérstaklega fram í viðburðum og erlendu samstarfi. Brugðist hefur verið við með því að bjóða upp á rafræna viðburði, annars vegar með streymi frá viðburðum og hins vegar með upptöku viðburða. Ekki er annað að heyra en félagsmenn hafi tekið vel í þessa nýbreytni og hefur þátttaka á námskeið og viðburði verði með besta móti á liðnu ári. Mat stjórnar er að þrátt fyrir allt hafi þessi staða leitt okkur af stað í jákvæða átt við þróun rafræna viðburða. Félagið mun halda áfram þróun rafræna viðburða en kallað hafði verið eftir slíkum lausnum, einnig áður en COVID-19 tók af okkur völdin. Liður í þessu var útgáfa þriggja rafræna námskeiða í byrjun desember síðastliðinn en sú útgáfa var styrkt af nokkrum af stærstu endurskoðunarskrifstofunum sem studdu þessa tilraun með því að veita starfsmönnum sínum svigrúm til að útbúa námsefnið og flytja fyrirlestrana.





Gamla stjórnin, Anna Kristín kveður



Ný stjórn tekur við í nóv. 2020.



Lýsandi mynd fyrir viðburði á tímum COVID-19.

Eðli málsins samkvæmt hefur COVID-19 ástandið einnig haft umtalsverð áhrif á erlent samstarf en fundir á vegum Norræna endurskoðendasambandsins (NRF) hafa verið haldnir rafrænt. Haustið 2020 stóð til að aðalfundur NRF yrði haldinn á Íslandi og hafði sá viðburður verið skipulagður í þaua með löngum fyrirvara. Sökum ástandsins var fundurinn haldinn rafrænt og með heldur lágstemmdara sniði en ella. Venjan hefur verið að framkvæmdastjórar, formenn og varaformenn, sækja fundina en einnig hafa framkvæmdastjórar og formenn IFAC og Accountants of Europe, fulltrúar NRF í stjórnnum og ráðum þessara stofnana og formaður alþjóðlega staðla-ráðsins IAASB mætt á þessa fundi og hefur verið afar gagnlegt fyrir norrænu félögin að hafa tækifæri til að ræða við þessa aðila um þróun og áherslur í störfum okkar. Vonir standa til að aðalfundur NRF árið 2021 verði haldinn á Íslandi.

COVID-19 hefur einnig haft áhrif á störf okkar sem endurskoðenda og hefur leitt til þess að við höfum þurft að haga okkur með öðrum hætti en venjulega og leita nýrra lausna við framkvæmd vinnu okkar. Flest okkar eru vel sett hvað varðar tækni og aðstæður til að bregðast við breyttum aðstæðum. Almenn tækniþekking og aðgangur að rafrænum lausnum hefur einnig skipt sköpum. Ekki er ólíklegt að áhrif COVID-



19 fylgi okkur í störfum okkar næstu árin, þar sem efnahagslegar afleiðingar eru verulegar og ekki nema að hluta til komnar fram þegar þessi orð eru skrifuð. Á tímum sem þessum eykst mikilvægi starfa okkar sem hafa það megin markmið að tryggja traust í viðskiptum með því að veita faglegt og óháð álit á fjárhagsupplýsingar.

Frá því á vormánuðum 2019 hefur verið í gangi vinna sem hefur þann tilgang að skilgreina helstu áherslur og verkefni félagsins ásamt því að horfa til þess hvert skuli stefna til framtíðar. Margir hafa komið að þessari vinnu og eiga þakkar skyldar fyrir að gefa sér tíma til að leggja félaginu lið. Má þar nefna fulltrúa þeirra endurskoðunarskrifstofa sem voru heimsóttar á liðnu ári, nefndarmenn í fastanefndum FLE, fulltrúa í vinnuhópi FLE, stjórnarmenn og starfsmenn FLE.

Byggt á þessari vinnu hefur stjórn skilgreint þrjú eftirtalin atriði sem auk hefðbundinna verkefna verða áhersluatriði stjórnar á yfirstandandi starfsári:

- Áframhaldandi og sýnileg hagsmunagæsla, en hagsmunagæsla er lykilþáttur í starfsemi félagsins en rík áhersla hefur verið lögð á þennan þátt og svo verður áfram.
- Að félagið sé rödd félagsmanna og unnið verði að því að styrkja ímynd stéttarinnar. Þessi þáttur er nokkuð vandasamur og sitt sýnist hverjum með hvaða hætti honum verði best sinnt. Hafa þarf í huga þær grundvallarreglur sem stétt endurskoðenda stendur fyrir og starfar eftir og m.a. koma fram í siðareglum FLE:
 - Heilindi
 - Hlutlægni
 - Fagleg hæfni og varkárni
 - Trúnaður
- Auka, þróa og fjölga rafrænum námskeiðum og viðburðum. Kannski má segja að COVID-19 hafi ýtt okkur hratt áfram á þessari braut, en óháð því hefur verið kallað eftir slíkum lausnum um nokkurt skeið.

Auðvitað er það þannig að áherslur og framtíðarsýn eru í stöðugri þróun, en við erum með góðan grunn til að byggja á. Stjórn félagsins treystir á áframhaldandi góða samvinnu við félagsmenn en heiðarleg og opin samskipti eru grundvöllur öflugrs hagsmunafélags.

Eitt megin verkefni félagsins er hagsmunagæsla sem m.a. felst í samskiptum við opinberar stofnanir og ráðuneyti um hin ýmsu mál sem störfum okkar tengjast. Hagsmunagæsla er einn mikilvægasti þátturinn í starfsemi félagsins þó eðli þeirrar vinnu sé kannski þannig að árangurinn vekur ekki mikla athygli þegar vel tekst til. Félagið á í reglubundnum og markvissum samtölum við marga aðila sem koma að málefnum endurskoðenda allan ársins hring.



Bryndís Björk með formannskeðjuna á aðalfundi félagsins.

Undanfarið hefur verið lög áhersla á samtöl við Skattinn um fyrirkomulag, form og skilafresti skattframtala lögaðila. Sérstakur vinnuhópur FLE og Skattsins var stofnaður til að yfirfara með hvaða hætti markmiðum yfirvalda um tímanleg skil væri best náð ásamt því að horfa til rekstrarlegra forsendna fagaðila. Vinnuhópurinn ræddi m.a. hvort hægt væri að einfalda framtalsformið og hvort hægt væri að skilgreina mismunandi framtalsfresti eftir mikilvægi skattstofna viðkomandi lögaðila. Í kjölfarið lengdi RSK í frestum en lagði áherslu á tímanleg skil stærri aðila. Vinnuhópurinn mun halda áfram störfum og áform- að er að aðilar hittist snemma á árinu 2021.

Það urðu því mikil vonbrigði þegar Ársreikningaskrá taldi sér ekki unnt að veita sömu fresti og Skatturinn, en fram til ársins 2020 hafa frestir þessara aðila haldist í hendur. Nokkrir fundir voru haldnir milli FLE og fulltrúa atvinnuvegaráðuneytisins í framhaldi af því að afstaða Ársreikningaskrár varð ljós. Fyrir liggur að ákvæði laga eru afdráttarlaus hvað varðar fresti til að skila ársreikningum til Ársreikningaskrár. Í 109 gr. laga um ársreikninga kemur fram að skila beri ársreikningi eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsskiladags. Undanþága frá þessu er svokölluð hnappskil sem geta fylgt skattskilum. Í samtölum FLE við ráðuneytið hefur m.a. verið rætt um hvort hægt væri að tengja öll örfélög við skattskil og hvort hægt sé að skilgreina mismunandi fresti eftir stærð lögaðila. Jafnframt hefur verið rætt hvort til lengri tíma litið væri farsælt að skapa aukið svigrúm lögaðila til að nota annað reikningsár en almanaksárið. Slíkt þarfnast þó undirbúnings og samþættingar við skattyfirvöld og rekstraraðila. Óformleg fyrirspurn til systurfélaga FLE



Tekið á móti nýjum félagsmönnum í febrúar 2020.

á hinum Norðurlöndunum bendir til þess að bæði í Danmörku og Svíþjóð séu um 30% lögaðila með annað reikningsár en almanaksárið, auk þess eru vísbendingar um að lögaðilar séu hlutfallslega færri á hinum Norðurlöndunum.

Mikilvægt er að horfa til framtíðar og velta fyrir sér gildi starfa okkar og hvaða upplýsingar það eru sem markaðurinn telur mikilvægar hverju sinni. Ljóst er að markaðsaðilar horfa stöðugt til fleiri þátta en sögulegra fjárhagsupplýsinga. Ekki hefur farið fram hjá neinum sem lætur sig ársreikninga og fjárhagsupplýsingar varða sú aukna áhersla sem lögd er á ófjárhagslega upplýsingagjöf, t.a.m. með auknum kröfum um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar. Ekki er víst að allir markaðsaðilar geri sér grein fyrir því að ekki er gerð krafa um endurskoðun eða aðra staðfestingu á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

Fjárfestar eru í vaxandi mæli farnir að setja sér hin ýmsu ófjárhagslegu viðmið í fjárfestingastefnu sinni, en enn sem komið er hefur verið lítið um að þessar upplýsingar séu staðfestar með formlegum hætti. Áhugaverð þróun er að verða hvað þennan þátt varðar, þar sem sérstakar staðfestingar endurskoðenda á tilteknum ófjárhagslegum upplýsingum sem birtar eru með ársreikningum fylgja í auknum mæli með ársreikningum stærri félaga. Í þeim staðfestingum er almennt stuðst við staðla sem ætlaðir eru fyrir aðra staðfestingarvinnu svo sem „ISAE 3000 Assurance engagements other than audits or reviews of historical financial information“.

Endurskoðendur veita hinar ýmsu staðfestingar bæði til hins opinbera tengt kröfum í lögum um einkahlutafélög og hlutafélög en einnig margþættar staðfestingar til hinna ýmsu aðila bæði opinberra og innan almenns viðskiptalífs.

Það er mat undirritaðar að talsvert verk sé óunnið hvað varðar upplýsingagjöf um staðfestingar endurskoðenda. Kynna þarf fyrir markaðsaðilum og hinu opinbera, störf og aðferðafræði endurskoðenda hvað varðar staðfestingu fjárhagslegra og ófjárhagslegra upplýsinga. Staðfestingar á grundvelli staðals um aðra staðfestingarvinnu ISAE 3000 og staðals um verkefni unnin á grundvelli fyrirfram skilgreinda aðgerða ISRS 4400, eru unnar með formlegum og rekjanlegum hætti með vísan í staðalinn. Undirrituð telur að það sé tækifæri fyrir stétt endurskoðenda að vekja á sér athygli hvað þennan þátt varðar. Það er jafnframt mikilvægt í þessu samhengi að fylgja því eftir að aðrar stéttir noti ekki lögvernduð starfsheiti og hugtök, s.s. endurskoðandi og endurskoðun.

Að lokum langar mig að nefna að í desember bættust sex nýir aðilar í hóp löggiltra endurskoðenda og vil ég nota tækifærið og óska þeim innilega til hamingju með árangurinn og bjóða þau velkomin í félagið.

Þá þakkar undirrituð fyrir hönd stjórnar þeim fjölmörgu félagsmönnum sem komið hafa að starfsemi FLE á árinu. Félagið á mikið undir starfi félagsmanna, sem kemur m.a. fram í nefndarstörfum, vinnuhópum og með fyrirlestrum og fræðslustarfi. Fyrir hönd stjórnar þakka ég öllum þessum aðilum fyrir framlag sitt á árinu, sömuleiðis eru starfsmönnum félagsins færðar bestu þakkir yfir samstarfið.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnarmönnum fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu.

Bryndís Björk Guðjónsdóttir





...að fyrirtæki þurfa að segja frá því hvernig þau hagnast en ekki bara hversu mikið og að endurskoðendur muni finna leiðir til að þróa reglurnar um frásögnina og að þeir verði leiðandi í þeirri vinnu

GETA ENDURSKOÐENDUR BJARGAÐ HEIMINUM?

Margrét Pétursdóttir, endurskoðandi hjá EY

JÖRÐIN OKKAR

Jörðin eins og við þekkjum hana er að deyja á okkar vakt. Eftir meira en 10 þúsund ár af tiltölulega stöðugu ástandi er loftslag á jörðinni að breytast, aukin flóð, auknir skógareldar, ýktar sveiflur í veðri og stöðugt hlýnandi loftslag. Afleiðingar þessa eru m.a. aukið hungur, færri og færri hafa aðgang að hreinu drykkjarvatni, aukin loftmengun, súrnun sjávar og gríðarleg fækkun dýrategunda. Samkvæmt rannsókn sem unnin var af McKinsey og var birt í janúar 2020 erum við jarðarbúar búin að læsa inni frekari hlýnun næstu 10 ár þrátt fyrir að við myndum gera breytingar strax í dag. David Attenborough gerði mjög áhrifamikla kvikmynd í fyrra þar sem hann fór yfir hver þróunin hefur verið í náttúrunni undanfarna áratugi og hann telur að við getum ennþá snúið henni við og lært að vinna með náttúrunni en ekki á móti henni. Hvet ég alla sem ekki þegar hafa horft á þá mynd að gera það strax í dag. Við verðum að bregðast við strax og þar spila endurskoðendur stórt hlutverk.

PARÍSARSAMKOMULAGIÐ

Umræðan um loftslagsmálin er að sjálfsögðu ekki ný og meðal þess sem hún hefur haft í för með sér er Parísarsamkomulagið svokallaða en það var gert í lok árs 2015 og voru 194 ríki búin að staðfesta það í nóvember síðastliðinn. Með undirritun

samningsins skuldbinda aðildarríkin sig til að grípa til aðgerða til að takmarka hnattræna hlýnun helst við 1,5 °C miðað við meðalhitastig jarðar *fyrir iðnvæðingu*. Í samningnum eru ekki tilteknaðar samræmdar aðgerðir til árangurs heldur látið í hendurnar á hverju aðildarríki fyrir sig að ákveða hvaða aðgerðir skyldi ráðist í. Ekki var gerð krafa um sérstakt markmið á tilteknum tíma heldur bar ríkjunum sjálfum að setja sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, ná því markmiði, setja svo nýtt lægra og svo koll af kolli.¹

Í upphafi ársins 2021 hafa fæst aðildarríkjanna náð markmiðum sínum sem voru þó ekki einu sinni metnaðarfull til að byrja með og engan vegin fullnægjandi til að ná heildarmarkmiðinu um kolefnishlutleysi. Eins og matið er núna lítur út fyrir að hlýnun jarðar verði rúmlega tvöfalt það markmið sem sett var með samningnum og það markmið var engan vegin fullnægjandi til að draga úr hlýnun jarðar og þvert á móti lítur út fyrir að hlýnunin muni aukast. Við höfum þannig tapað 6 árum frá því að samningurinn var gerður.

Þess ber að geta að mat Sameinuðu þjóðanna var að við höfðum fram til 2030 til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda þannig að hún yrði 45% lægri en hún var árið 2010 og að við

1. The Paris Climate Agreement in 2019: Where countries stand on curbing emissions (mic.com)



hefðum fram til 2050 til að eyða henni alveg. Það sér hver maður að markmið um að vera undir 1,5% er í engu samhengi við þörfina.² Aðeins eitt ríki er á réttum stað með að vera undir 1,5°C og fimm lönd líkleg til að ná markmiði sem myndi stuðla að því að hlýnun jarðar yrði undir 2°C en það eru Eþíópía, Kenía, Kosta Ríka, Filipseyjar og Indland. Öll hin löndin eru á bilinu frá því að vera ófullnægjandi til verulega ófullnægjandi til þess að vera allskostar ófullnægjandi.³

Af ofanrituðu má draga þá ályktun að við séum engan vegin að taka ábyrgð á stöðunni og grípa til fullnægjandi aðgerða.

Ísland fullgilti samninginn þann 4. nóvember 2016⁴ en við skrif þessarar greinar fann ég ekki nákvæmar tölulegar upplýsingar um hvar við værum stödd við að standa við hann. Á vef Umhverfisstofnunar fundust markmiðin sem við höfum sett okkur og ýmsar upplýsingar um losun og slíkt en ekki hvert við erum komin í lækun með skýrum hætti. Það er í sjálfu sér athyglisvert því ég hefði haldið að við sem þjóð, ættum að standa öðrum framar, ef eitthvað er, í því að setja mál-efnið rækilega á dagskrá og halda þjóðinni upplýstri um hvar við erum og ná samstöðu um aðgerðir. Málefnið er af þeirri stærðargráðu að enginn ætti að velkjast í vafa um hvar við erum stödd og þurfa að leita að upplýsingunum, við ættum að vera með niðurteljara í Stjórnarráðinu!

HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun er annað verkefni sem mikið er horft til um þessar mundir en markmiðin voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja



Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015⁵. Markmiðin gilda á tímabilinu 2016 til 2030 og eru 17 talsins.

Um Heimsmarkmiðin kemur eftirfarandi fram á vef sem stofn- að var til á vegum Stjórnarráðsins:

„Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Aðalinntak markmiðanna er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Því er mikilvægt að ríki horfi ekki eingöngu til meðaltala við mælingar á árangri sínum heldur nálgist innleiðingu markmiðanna á heildstæðan hátt. Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull og krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Þá eru innri tengsl og samþætt eðli markmiðanna afar þýðingarmikil fyrir framkvæmd þeirra. Óhætt er að fullyrða að ef þjóðum heims tekst að ná markmiðunum innan gildistíma áætlunarinnar þá mun líf allra og umhverfi hafa batnað til mikilla muna árið 2030.“⁶

Aðildarríki sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi þannig að þau náist fyrir árið 2030.

HVERNIG GENGUR OKKUR?

Sameinuðu þjóðirnar gefa árlega út skýrslu um stöðu markmiðanna og í skýrslu vegna ársins 2020 kemur m.a. fram að loftslagsbreytingar eru ennþá að eiga sér stað og mun hraðar en talið var að þær myndu verða. Einnig kemur fram að árið 2019 hafi verið næstheitasta ár frá því að mælingar hófust og einnig að áratugurinn frá 2010 til 2019 hafi verið sá heitasti frá upphafi mælinga. Ennfremur kemur fram í skýrslunni að súrnun sjávar sé að aukast, að landeyðing haldi áfram, að gríðarlegur fjöldi dýrategunda sé í útrýmingarhættu og að ósjálfbær neysla og framleiðsla haldi áfram í miklum mæli.⁷

Í inngangi skýrslunnar kemur fram að á heimsvísu hafi aðgerðir verið ófullnægjandi til að ná fram þeirri breytingu sem við þurfum og þar með séu loforðin sem felast í markmiðunum til núverandi og komandi kynslóða í hættu. Á yfirliti um stöðu þjóða varðandi markmiðin á heimasíðu Klappa, grænna lausna kemur fram að Ísland er í 26. sæti landanna en Svíþjóð, Danmörk og Finnland eru í fyrstu þremur sætunum og Noregur í því sjötta.⁸

2. The Paris Climate Agreement in 2019: Where countries stand on curbing emissions (mic.com)
3. Home | Climate Action Tracker
4. Parísarsamkomulagið tekur gildi í dag | RÚV (ruv.is)
5. Heimsmarkmið | Forsíða (heimsmarkmidin.is)
6. Heimsmarkmið | Heimsmarkmiðin (heimsmarkmidin.is)
7. <https://www.un.org/sustainabledevelopment/progress-report/>
8. <https://dashboards.sdgindex.org/rankings>



Nú er ég bara leikmaður að reyna að fylgjast með þessum málum en eins og málið blasir við mér þá erum við að fljóta sofandi að feigðarósi og það er eitthvað verulega óraunverulegt við það að við séum að tala um eitthvað annað heldur en þessa vá sem yfir okkur vofir. Ég hef töluvert velt því fyrir mér hvað getur skýrt það og eina ástæðan sem mér kemur í hug er sú að vandamálið sé bara of stórt og fjarlæggt til að við skiljum það með þeim hætti að við náum almennilega samband við umfang þess. Um þessar mundir er verið að sýna þætti á RÚV sem fjalla um það af hverju við skiljum ekki vandamálið og virðumst þess vegna vera ófær um að bregðast við því. Það er víst sérstök grein innan sálfræðinnar þar sem verið er að greina ástæðurnar og vonandi leiðir sú vinna til þess að við náum sambandi við verkefnið og bregðumst við af því afli sem þarf.

COVID-19

Heimsfaraldurinn COVID-19 hefur haft áhrif á umræðuna um stöðuna í heiminum, um jörðina, þetta mikilvægasta málefni okkar tíma og eftl umræður um stöðuna í loftslagsmálum. Það sem veldur því, að mínu mati er, að við sáum svart á hvítu áhrifin á jörðina þegar við stóðum kyrr í augnablik, sáum fiska þar sem engir sáust áður og fjöll sem hafa ekki sést í áratugi.^{9,10}

Í frétt á vef Sameinuðu þjóðanna þann 23. nóvember kemur fram að magn koltvísýrings í andrúmsloftinu hafi slegið nýtt met 2019 og að þess sé vænst að það haldi áfram að aukast á árinu 2020, þrátt fyrir COVID-19. Vísað er til falls koltvísýrings í loftinu vegna COVID-19 sem „a tiny blip on the long-term graph“¹¹ Nú er það örugglega rétt, að COVID-19 hafi bara verið smá frávik á langtímagrafinu en kannski munu áhrifin verða meiri vegna afleiðinga þess að þetta frávik hjálpar okkur að skilja loftslagsvandamálið með djúpum hætti og þar af leiðandi verða betur fær um að bregðast við því.

Á fundi sem boðað var til af Loftslagsráði og sendiráði Bretlands á Íslandi þann 23. október sl. var markmiðið að hvetja til samstöðu vegna ábyrgðar í loftslagsmálum og í kynningu viðburðarins kemur fram að áhersla verði lögð á að ræða „loftslagsvæna endurreisn“ í kjölfar COVID-19 og þar fundurinn yfirskriftina: Loftslagsvænar framfarir í kjölfar COVID-19.¹² Þetta er nýr tónn sem gefur til kynna breyttar áherslur og samtal um nauðsyn hringrásarhagkerfisins.

Margir aðrir hafa kveðið við þennan tón og t.d. hefur Angela Merkel talað um að hún vilji sjá „græna endurreisn“¹³, Hjá World bank er lögð áhersla á styðja ríkisstjórnir heimsins við að bregðast við heilbrigðismálum og atvinnuleysi en einnig er

litið á heimsfaraldurinn sem tækifæri til að byggja upp sjálfbæra framtíð¹⁴, hjá Sameinuðu þjóðunum er lögð áhersla á að snúa endurreisninni upp í tækifæri til að gera hluti rétt í framtíðinni og svo mætti lengi telja. Það sem máli skiptir er að það kveður við nýjan tón hjá ráðamönnum og alþjóðastofnunum og með nýjum tón koma nýjar aðgerðir og vonandi loftslagsvæn endurreisn í kjölfarið.

Þann 25. september sl. undirrituðu Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og aðilar sem fara fyrir tæplega 80% af eignum á fjármálamarkaði á Íslandi svokallaða „Viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar“ Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni ásamt Samtökum fjármálafyrirtækja, Landssamtökum lífeyrissjóða og Forsætisráðuneytið unnu að stefnunni í samstarfi við helstu aðila á fjármálamarkaði. Um er að ræða samstillt átak stjórnvalda og einkaaðila á fjármálamarkaði sem er einstakt í heiminum og til marks um það að hér á landi er aukin áhersla á græna endurreisn og því ber okkur að fagna.¹⁵

LANGTÍMAVIRÐI

Við þær aðstæður sem farið er yfir hér að framan eru viðskipti eins og við þekkjum þau ekki valkostur lengur. Við þurfum að hætta að tala og fara að framkvæma, ekki smám saman heldur að umbylta því hvernig við höfum áður hugsað og framkvæmt í nánast öllum þáttum samfélagsins, ekkert annað mun duga til. Umfang og hraði aðgerða þarf að stökkbreytast og við þurfum líka að átta okkur á því að glugginn til aðgerða er að lokast.

Hefðbundinn tilgangur fyrirtækja sem hefur verið að hámarka hagnað eigenda sinna er að líða undir lok og nú þurfa öll fyrirtæki að huga að fleiri hagsmunum í auknum mæli, starfsfólki, viðskiptavinum, samfélaginu og heiminum öllum. Þau fyrirtæki sem ekki breytast og það hratt munu að öllum líkindum verða gjaldþrota. Enginn mun vilja kaupa vörurnar þeirra, enginn mun vilja vinna hjá þeim og fjármagnið mun leita til þeirra félaga sem vinna að sjálfbærni fyrir breiðan hóp hagsmunaaðila.

Í könnun sem EY gerði í lok árs 2018 kemur fram að 96-97% fjárfesta horfa til ófjárhagslegra upplýsinga við mat á fjárfestingakostum og að 90-95% þeirra myndu útiloka fjárfestingakosti vegna þátta eins og sögu um eða hættu á slæmum: stjórnarháttum, umhverfisþáttum, ESG áttum í aðfanga-keðjunni eða mannréttindum. Um er að ræða tveggja ára könnun en hlutföllin hafa örugglega ekki gert neitt annað en að hækka.¹⁶

9. https://www.mbl.is/ferdalog/frettir/2020/03/18/sikin_i_feneyjum_aftur_taer/

10. <https://www.ruv.is/frett/2020/04/10/sja-himalaja-fjollin-i-fyrsta-sinn-i-aratugi>

11. <https://news.un.org/en/story/2020/11/1078322>

12. Loftslagsráð | Loftslagsvænar framfarir í kjölfar COVID-19 (loftslagsrad.is)

13. Germany's Merkel wants green recovery from coronavirus crisis | Reuters

14. Thinking ahead: For a sustainable recovery from COVID-19 (Coronavirus) (worldbank.org)

15. Fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar – Festa (samfelagsabyrgd.is)

16. Does your nonfinancial reporting tell your value creation story? | EY - Global



UFS þættir hafa orðið órjúfanlegur hluti af ákvörðunarferli við fjárfestingar	
97% af fjárfestum leggja mat á ófjárhagslega upplýsingagjöf þeirra fyrirtækja sem eru til skoðunar	96% segja að UFS þættir séu grundvallaratriði við mat á fjárfestingum
Hlutfall fjárfesta sem myndu hætta við eða endurhugsa fjárfestingu vegna:	
95% sögu um eða hætta á slæmum stjórnarháttum	90% áhætta í aðfangakeðju tengdri UFS þáttum
93% sögu um eða hætta á slæmum þáttum er varða mannréttindi	92% áhætta tengd loftslagsbreytingum

Í desember bárust svo fréttir af því í Financial Times að sjóðstjórar 30 stærstu sjóðastýringafyrirtækja í heimi sem stýra fjárfestingum upp á 9 trilljón dollara hafi sett sér það markmið að vera með kolefnishlutlaust eignasafn árið 2050. Þess er vænst að þessi sameiginlega ákvörðun fyrirtækjanna muni hafa stórkostlegar afleiðingar á alheimsviðskipti. Félögin segja að þau muni vinna með viðskiptavinum í að ná markmiði um kolefnishlutleysi en jafnframt er ljóst að ekki verður rými í eignasöfnunum fyrir þau fyrirtæki sem ekki standast kröfuna um kolefnishlutleysi. Í fréttinni kemur fram að verkefnið verði stærsta umbreyting viðskiptasögunnar og eigi að senda skýr skilaboð til fyrirtækja um að „there is simply no more time to waste“¹⁷

Fyrirtækjum er ekki til setunnar boðið. Þau þurfa öll að innleiða sjálfbærni í reksturinn, byrja strax og grundvallaratriðið er að tengja stefnu félagsins og tilgang við sjálfbærni til þess að ná árangri.



EPIC - LANGTÍMAVIRÐI

Á árinu 2016 setti EY fram ramma til að hjálpa fyrirtækjum við að koma til fjárfesta og annarra hagsmunaaðila skilaboðum um það, hvernig langtíma-stefna þeirra skapar virði til langs tíma. Í framhaldi af því fór EY í samstarf við sjálfseignarstofnunina, Coalition for Inclusive Capitalism („EPIC“), í það verkefni að skilgreina alþjóðlega mæli-

kvarða til að meta og skýra frá langtíma virði fyrirtækja fyrir fjárfesta og aðra hagsmunaaðila.

Hugmyndin var einföld: Til þess að auka hagsæld og velferð í þjóðfélaginu þurfa fyrirtæki að gæta þess að hugsa ekki bara til skamms tíma, heldur einnig til framtíðar. Enn fremur var verkefnið sett á laggirnar til að koma til móts við þá miklu óánægju fjárfesta með þær ófjárhagslegu upplýsingar sem félög hafa verið að greina frá í fjárhagsskýrslum sínum. Fjárfestar hafa kvartað yfir því að upplýsingarnar hafi takmarkað notagildi og að erfitt sé að bera saman upplýsingar eins fyrirtækis við upplýsingar annara fyrirtækja. Samhugur var því á meðal fyrirtækjanna sem komu að EPIC verkefninu að reyna að staðla ófjárhagslega upplýsingagjöf og mælikvarðana sem notaðir eru af fyrirtækjum til að meta árangur.

Endanleg EPIC skýrsla þar sem rammi um langtímaverðmæta-sköpun var settur fram var síðan birt í desember 2018 og inniheldur leiðbeiningar til að hjálpa félögum að sýna fjárfestum fram á það hvernig langtímastefna þeirra skapar virði til allra hluthafa.

Þátttakendur úr atvinnulífinu, sem tóku þátt í verkefninu, voru frá fjölbreyttum fjárfestingafélögum með meira en trilljón dollara í stýringu og 2 milljónir starfsmanna um allan heim. Þeir töldu eftirfarandi þætti þá mikilvægustu sem félög ætti að einbeita sér að og skýra frá svo fjárfestar fái nægar upplýsingar um verðmæti félaganna:

- **Mannauður:** það hvernig félög hlúa að starfsfólki hvað varðar kaup og kjör; ráðningar; þjálfun og framþróun, fjölbreytni og þátttöku í rekstrinum; vellíðan og heilsu og innleiðingu markmiðsdrifinnar fyrirtækjamenningar.
- **Nýsköpun:** það hvernig félög finna leiðir til að uppfylla þarfir neytenda sem ekki voru áður uppfylltar með áherslu á endanlega notendur vöru og þjónustu og byggja upp traust viðskiptavina til fyrirtækisins.
- **Samfélag og umhverfi:** áhrif á ytri hagsmunaaðila og samfélög með því að stuðla að viðskiptatengdum félagslegum og umhverfislegum markmiðum
- **Stjórnarhættir:** skilvirkni stjórnar við eftirlitshlutverk sitt, ferlar við að tryggja gæði og óhæði stjórnar og hæfileiki stjórnenda til að koma á og meta langtímastefnu í samvinnu við stjórn.¹⁸

17. Fund managers with \$9tn in assets set net zero goal | Financial Times (ft.com)


18. https://www.ey.com/en_gl/news/2018/11/embankment-project-for-inclusive-capitalism-releases-report-to-drive-sustainable-and-inclusive-growth



FRÁSÖGNIN


Eins og lesa má út úr umfjölluninni hér að framan er verðmæti félaga í dag í auknum mæli falið í eignum sem ekki er skýrt frá í hefðbundnum ársreikningum og skortur er á að þær upplýsingar séu settar fram með samræmdum hætti. Þessar óefnislegu eignir eru t.d. vörumerki, nýsköpun, þekking og reynsla starfsfólks auk áhrifa á samfélagið og umhverfið. Mikilvægi þessara upplýsinga og vönduð frásögn þeirra er óumdeilt en áskoranir við samræma framsetningu eru miklar.

Það er erfitt að vita hvar á að byrja þegar fjalla á um þá staðla og leiðbeiningar sem til eru um framsetningu á ófjárhagslegum upplýsingum. Ekki bara vegna þess að fjöldi reglna, staðla og leiðbeininga eru á milli 700 og 800 talsins heldur líka vegna þess að nánast á hverjum degi berast fréttir af nýrri þróun mála í þessum efnium og frá því að þessi grein er skrifuð þar til hún verður birt mun verða ný þróun! Breytingarnar eru svo hraðar að það er nánast ógerningur að fylgjast með þeim. Stjórnendur sem vilja gera vel í frásögn sinni út á markaðinn vita varla í hvorn fótinn þeir eiga að stíga, um svo margar aðferðir og blöndun aðferða er að ræða að erfitt getur reynst að fóta sig. Sumir velja sér einn staðal og halda sig við hann á meðan aðrir velja nokkra og taka það sem þykir henta í hverju tilviki. Við þetta ástand er nánast ógerningur fyrir notendur að bera saman upplýsingar á milli félaga og því gríðarlega mikilvægt



að við færumst í átt til samræmingar. Gjarnan er vitnað til allra þessarar staðla sem stafrófs súpunnar (e. alphabet soup). Það eru þessi fimm stóru sem eru GRI, CDSB, CDP, IR og SASB og síðan öll hin.

UN Sustainable development goals	Sustainability Accounting Standards Board (SASB)	Global Reporting Initiative (GRI)	Climate Disclosure Standards Board (CDSB)
Future Fit Benchmark	FTSE ESG Rating Model	European Federation of Financial Analysts Societies (EFFAS)	Social and Human Capital Protocol
Task Force on Climate-Related Financial Disclosures (TCFD)	Principles of Responsible Investment (PRI)	Measurement Framework for Equality and Human Rights	Investor research on social issues (LGT Capital Partners)



WORLD ECONOMIC FORUM

Stöðugt er kallað eftir samræmingu í framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga af hálfu hagsmunaaðila og í ágúst 2019 var hleypt af stokkunum verkefni á vegum World Economic Forum's International Business Council (WEB-IBC) til að vinna að því markmiði. Hópurinn samanstóð af yfir 120 framkvæmdastjórum frá öllum heiminum, var stýrt af Bank of America og samstarf var einnig við fjögur stærstu endurskoðunarfyrtækini. Þannig þótti tryggt að nægjanlega margir kæmu að verkefninu svo það næði framgöngu.

Markmið samstarfsins var að greina samræmda þætti til að hjálpa fyrirtækjum að skýra frá aðgerðum sínum í átt til sjálfbærni og langtíma virði. Ekki var um það að ræða að skrifaður yrði nýr staðall heldur tekið saman það besta af því sem til var á þeim tíma í þeim stöðlum sem til voru. Þótti verkefnið marka kaflaskil í átt að samræmdum reglum til upplýsingagjafar fyrirtækja til hagsmunaaðila.

Drögin að afurðinni sem lágu fyrir í janúar 2020 fóru síðan í ítarlegan rýniferil, þar sem meira en helmingur af meðlimum hópsins veittu endurgjöf og einnig komu athugasemdir frá öðrum fyrirtækjum, fjárfestum, staðlaráðum, yfirvöldum ýmsum og fleirum þ.a. verkefnið fékk mjög yfirgripsmikla rýni og athygli. Í september s.l. leit síðan afurðin,



sem fékk heitið „Measuring Stakeholder Capitalism: Toward Common Metrics and Consistent Reporting of Sustainable Value Creation“ dagsins ljós.

Í leiðbeiningunum er settur fram 21 grundvallar mælikvarði og 34 viðbótarmælikvarðar sem eru almennir og byggja á vel

þekktum stöðlum og viðmiðum. Leiðbeiningarnar skiptast í fjóra flokka sem eru stjórnarhættir, jörðin, fólkíð og hagsæld. Vonir standa til að fyrirtæki geti stuðst við þessar leiðbeiningar í vegferð sinni að þróun upplýsingagjafar en það á alveg eftir að koma í ljós hvort þær nái fótfestu



EVROÐUSAMBAND ENDURSKOÐENDA, ALÞJÓÐASAMTÖK ENDURSKOÐENDA, IFRS FOUNDATION

Á sama tíma og verkefnið hjá WOF fór af stað var Evrópusamband endurskoðenda að bregðast við sama kalli eftir samræmdum reglum. Sambandið gaf af því tilefni út rit í desember 2019 sem fékk heitið „Interconnected Standard Setting for Corporate Reporting“, útgáfan hefur síðan verið kölluð COGITO skýrslan.

Verkefninu var ætlað að örva og leiða umræðuna um þörfina á einum samræmdum staðli við framsetningu á ófjárhagslegum upplýsingum og var stofnaður hópur af óháðum sérfræðingum frá ýmsum áttum til að vinna að verkefninu. Í endanlegri skýrslu komu fram ýmsar gagnlegar upplýsingar en það sem vakti mesta athygli var framtíðarsýnin sem sett var fram um fyrirkomulag staðla um upplýsingagjöf. Framtíðarsýnin, gekk út frá því að byggja á því sem til er hjá IASB sem semur Alþjóðlega reikningssskilastaðla (IFRS) og búa til annað staðlaráð við hlið þess sem myndi fjalla um ófjárhagslega upplýsingagjöf. Þannig yrðu til tvö sett af stöðlum um heildar upplýsingagjöf sem byggðu á sama grunni og nýtt væri þriggja laga stjórnkerfið sem er til utan um IASB og hefur reynst vel.


Hjá Accountancy Europe hefur komið fram að þau áttu svo sem ekki von á því að ná miklum árangri strax hvað varðaði framtíðarsýnina en áherslan var á að leiða umræðu í átt að einu samræmdu regluverki.

Hugmyndin fékk að því er virðist nokkuð fljótt góðan hlómgrunn og líklega hefur umræðan í þessa átt verið löngu hafin því í september sendi IFRS Foundation, eða stöðin sem IASB byggir á frá sér svokallaðan „Consultation Paper on Sustainability Reporting“ og þeim sem áhuga höfðu gefið til áramóta 2020 að senda inn athugasemdir. Vinnuhópurinn sem stofnaður var vegna málsins var stofnaður í október 2019 þ.a. hugmyndavinnan í átt að samræmdum stöðlum hefur verið í gangi á mörgum vígstöðvum á sama tíma. Í útgáfunni var farið yfir stöðuna og þörfina á samræmdu regluverki og spurt spurninga um vilja hagsmunaaðila til þess að taka málið áfram á þann hátt sem lagður var til af Evrópusamtökunum.

Hugmyndirnar hafa fengið mikla umræðu og athygli og meðal þeirra sem tóku undir hugmyndirnar voru Alþjóðasamtök endurskoðenda (IFAC). Í september s.l. kölluðu samtökin eftir því að stofnað yrði sjálfbærni- staðlaráð í takti við það sem Evrópusamtökin höfðu sett fram sem framtíðarsýn og byrjað umfjöllunin þannig „The time for global solution is now“ og fóru yfir hve þörfin væri brýn á að stofnað yrði staðlaráð tengt því sem fyrir er svo samræmdar reglur um „alla“ upplýsingagjöf fyrirtækja byggðu á sama grunni.

STAÐLARÁÐIN FIMM

Maður veltir því samt óhjákvæmilega fyrir sér hvað á að verða um öll fyrirtækin sem hafa gefið út staðla og eru að viðhalda þeim því varla er hægt að ætlast til þess að þau fyrirtæki pakki bara saman. Hin „fimm stóru“ staðlaráð sendu sameiginlegt bréf til formanns sjálfbærni- vinnuhópsins hjá IFRS Foundation í lok september s.k. og lýstu yfir vilja sínum til samstarfs sem hlýtur að vera mikilvægt í átt til samræmingar. Þau brugðust síðan rækilega við í desember s.l. og sendu frá sér svokallað „Reporting on enterprise value, Illustrated with a prototype climate-related financial disclosure standard“ Yfirferð á þessari útgáfu er eins og margt annað í þessum stutta pistli efni í heila grein en í stuttu máli er hér um að ræða afurð, unna af hinum stóru fimm staðlaráðum, þar sem þau byggja á hugmyndum sem voru settar fram af B4 í Davos. Í útgáfunni er lögð áhersla á að við ættum að stefna í átt að samræmdri skýrslugjöf á grunni IFRS og gerð atlaga að því að greina hugtakaramma IFRS niður í þætti sem eiga við um bæði fjárhagslegar og ófjár-



hagslegar upplýsingar. Síðan er fjallað um það að skýringar er varða umhverfisþætti ættu að vera hefðbundnar skýringar allt eins og skýringarnar við fjárhagslegu þættina og sett fram atlagu að staðli um þá skýringargjöf og í því sambandi vísað til ákvæða í stöðlum allra hinna fimm staðlaráða sem að útgáfunni standa. Í útgáfunni er einnig gagnleg umræða um mikilvægi sem er nauðsynlegt að hafa í huga í allri þróun um reglur um upplýsingagjöf og mér hefur fundist skorta nokkuð. Það þurfa ekki öll fyrirtæki að skýra frá öllu og ekki viljum við enda með staðla um framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga sem gera þannig kröfur um skýrslugerð að í þeim muni ekki sjá í skógin fyrir trjánum. Að mínu viti er raunverulega hætta á því að ófjárhagsleg upplýsingagjöf fyrirtækja verði of ítarleg og ekki nægjanlega gerður greinarmunur á því sem er raunverulega mikilvægt og þess sem eingöngu er sett fram til að „tikka í GRI boxin“.

EKKI HÆGT AÐ BÍÐA

Þessi yfirferð mín hér að ofan spannar ekki nema brotabrotabrot af þeirri þróun sem er í gangi varðandi samræmda staðla um fjárhagslega upplýsingagjöf en að mínu mati eru þetta þeir stóru sem líklegir eru til að ná framgangi.

Hvað nú mun gerast er óljóst en þrýstingurinn frá hagsmunaaðilum er orðinn of mikill til þess að það gerist ekkert og því má eiga von á mikilli þróun í þessum efnun á næsta ári. Fyrirtæki geta samt ekki beðið og þurfa að byrja ekki seinna en strax að finna leiðir til að segja hagsmunaaðilum frá því hvernig þau eru að bregðast við kröfunni um sjálfbærni. Ekkert af þessum stöðlum öllum og leiðbeiningum er betri en annar, mestu skiptir að velja viðmið til að byrja að vinna með, huga að mikilvægi og byrja bara, síðan má alltaf þróa áfram og breyta.

STAÐFESTINGAR

Eitt er það að fyrirtæki þurfa að innleiða sjálfbærni og langtíma virðishugsun í stefnu sína, annað er að finna leið til að segja frá því hvað þau eru að gera en það þriðja er að þau þurfa að afla óháðra staðfestinga á að upplýsingarnar séu áreiðanlegar því án þess hafa þær mun minna gildi og eru ekki nægjanlega trúverðugar. Það málefni er alveg efni í aðra grein en mér finnst blasa við að við sem stétt séum best til þess fallin að veita

þessa óháðu staðfestingu. Við höfum nú þegar staðla til að vinna eftir þó þá megi bæta, við erum með aðferðafræðina úr störfum okkar og við kunnum að vinna með upplýsingar og meta gildi þeirra. Við þurfum bara að gæta þess að halda því betur á lofti sem við höfum umfram þá aðila sem vilja koma í stað okkar við þessa staðfestingavinnu sem er fyrst og fremst óhæði okkar en einnig margra ára reynsla og færni í að veita óháðar staðfestingar.

„ENDURSKOÐENDUR MUNU BJARGA HEIMINUM“

Peter Bakker, forseti World Business Council for Sustainable Development lét hafa eftir sér á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio að endurskoðendur myndu bjarga heiminum og sagði að hann meinti það. Máli sínu til stuðnings nefndi hann verkefni sem unnið var að í fyrirtæki sem hann stýrði á sínum tíma og Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið fólst í að gefa hungruðum að borða og náðu þeir gríðarlegum árangri. Ekki bara hjálpin sem veitt var í formi matvæla heldur lærðu þeir starfsmenn sem tóku þátt í verkefninu mikið um hvernig á að leysa flókin vandamál, urðu stoltir af því að vinna hjá fyrirtækinu og orðspor fyrirtækisins batnaði stórkostlega. Enginn vafi þótti leika á því að fyrirtækið sem um ræddi hefði hagnast verulega á því að taka þátt í verkefninu en ekkert af þeim hagnaði kom fram í reikningsskilunum. Þeir höfðu engar leiðir til að segja hluthöfunum frá því, né að fá aðhald til að halda þessu góða starfi áfram. Þetta dæmi segir hann, sýnir fram á það að fyrirtæki þurfa að segja frá því hvernig þau hagnast en ekki bara hversu mikið og að endurskoðendur muni finna leiðir til að þróa reglurnar um frásögnina og að þeir muni verða leiðandi í þeirri vinnu.¹⁹

Ekki veit ég nú hvort við munum bjarga heiminum en við gegnum veigamiklu hlutverki sem felst í því að leiða umræðuna um það hvernig fyrirtæki innleiða sjálfbærni í stefnuna, hjálpa þeim að finna leiðir til að mæla árangur, hjálpa þeim að segja frá þeim árangri sem hefur náðst og síðast en ekki síst að veita óháða staðfestingu til að skapa traust. Við getum skipt máli, við erum í samtali við nánast öll fyrirtæki landsins og í einstakri aðstöðu til að hvetja þau áfram og leiðbeina í átt að sjálfbærni og okkar er vera leiðandi afl í þeirri vegferð að bjarga heiminum.

Margrét Pétursdóttir

Hlutverk okkar og ábyrgð



Mælingar



Ráðgjöf



Skýrslugjöf



Staðfesting



LEIÐA!

19. Accountants Will Save the World (hbr.org)



COVID-19 heimsfaraldur getur haft margvísleg áhrif á ársreikninga fyrir árið 2020. Það er því að ýmsu að hyggja og nauðsynlegt að greina áhrifin tímanlega og vanda til verka til að tryggja að ársreikningar uppfylli allar kröfur sem til þeirra eru gerðar.

ÁHRIF COVID-19 Á ÁRSREIKNINGA 2020

FRÁSÖGN AF FARALDRI

Jóhann I.C. Solomon, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG ehf.

Unnar Friðrik Pálsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG ehf.
og aðjunkt í reikningshaldi við Háskólann í Reykjavík.

Eins og allir vita hefur heimsfaraldur COVID-19 haft veruleg áhrif á rekstur margra félaga frá því hann skall á með fullum þunga snemma á síðasta ári. Áhrifin eru misjöfn eftir fyrirtækjum en verulega neikvæð í sumum atvinnugreinum, ekki síst ferðaþjónustu. Sumar atvinnugreinar hafa sloppið þökkalega frá faraldrinum og í einhverjum tilvikum hefur eftirspurn eftir vörum og þjónustu jafnvel aukist.

Í þessari grein verður í stuttu máli leitast við að vekja athygli á nokkrum mögulegum áhrifum COVID-19 á ársreikninga félaga fyrir árið 2020 en rétt er að hafa í huga að ekki er um tæmandi umfjöllun að ræða. Umfjöllunin byggir bæði á ársreikningalögum og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en samkvæmt 3. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga skal fara eftir viðeigandi ákvæðum í settum reikningsskilareglum ef ekki er tekið á viðkomandi úrlausnarefni í lögnum eða reglugerðum. Settar reikningsskilareglur eru annars vegar alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og hins vegar reglur reikningsskilaráðs. Stjórnendur félaga sem gera ársreikninga sína fyrir árið 2020 í samræmi við lög um ársreikninga þurfa því að hafa þetta í huga.

REKSTRARHÆFI

Hugtakið rekstrarhæfi er skilgreint í 32. tölul. 2. gr. ársreikningalaga. Þar segir að félag sé talið vera rekstrarhæft nema stjórnendur þess ætli sér að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess eða hafa ekki raunhæft val um annað en hætta starfsemi félagsins. Við mat á rekstrarhæfi skulu stjórnendur taka tillit til allra fyrirliggjandi upplýsinga um framtíðarhorfur í rekstri félagsins. Í II. kafla laganna um grunnforsendur ársreiknings kemur fram að við gerð ársreiknings skuli gera ráð fyrir að félagið haldi starfsemi sinni áfram en leggist hún niður að hluta skuli taka tillit til þess við mat og framsetningu ársreikningsins. Í lögnum er ekki að finna nánari leiðsögn um mat eða framsetningu í þessum tilvikum.

Umfjöllun um hugtakið rekstrarhæfi er áþekk í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en þar er tekið fram að séu reikningsskilin ekki sett fram miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi skuli greina frá því á hvaða grunni þau eru gerð. Í IAS 1 Framsetning reikningsskila segir að við mat á rekstrarhæfi skuli stjórnendur taka tillit til allra fyrirliggjandi upplýsinga um framtíðina og þá að lágmarki horfa ár fram í tímann frá reikningsskiladegi.

Eins og sjá má er leiðsögn um á hvaða grunni setja skuli reikningsskilin fram ef rekstrarhæfisforsendan er brostin ekki ítarleg. Í bók sinni um alþjóðlegu reikningsskilastaðlana kemur fram það mat KPMG að þó rekstrarhæfisforsendan sé ekki til staðar ætti það almennt ekki að fela í sér heimild til að hætta



að beita reglum staðlanna um mat, skráningu og upplýsingagjöf. Hins vegar þurfi eftir atvikum að beina sjónum sérstaklega að beitingu ákveðinna staðla og reglna, svo sem vegna fastafjármuna til sölu og aflaðrar starfsemi (IFRS 5) og virðisrýrnunar eigna (IAS 36).

FÆRSLA OPINBERRA STYRKJA

Í mörgum löndum hefur hið opinbera gripið til ýmissa stuðningsaðgerða vegna neikvæðra efnahagslegra áhrifa COVID-19 á fyrirtæki og einstaklinga. Ísland er hér engin undantekning. Yfirlit um aðgerðir ríkisstjórnarinnar má nálgast á vef Stjórnarráðsins. Í ársreikningalögunum, reglugerðum og reglum reikningsskilaráðs er ekki fjallað um aðgerðir hins opinbera á reikningsskil félaga. Af því leiðir að fyrirtæki sem gera ársreikninga sína fyrir árið 2020 í samræmi við ársreikningalög þurfa að fara eftir viðeigandi ákvæðum í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 20 Færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð.

Opinber aðstoð er víðtækara hugtak en opinber styrkur. Þannig er opinber styrkur ein tegund opinberrar aðstoðar. Í IAS 20 kemur fram að opinber aðstoð er aðgerð hins opinbera í því skyni að veita sérstaklega fyrirtæki eða fyrirtækjum, sem uppfylla tiltekin skilyrði, efnahagslegan ávinning. Í opinberum styrk felst aðstoð sem hið opinbera veitir í formi yfirfærslu verðmæta til fyrirtækis að því tilskildu að það hafi uppfyllt eða muni uppfylla tiltekin skilyrði er varða rekstur þess. Nauðsynlegt er að greina hvort opinber aðstoð sem fyrirtæki hefur fengið sé í formi opinbers styrks, þ.e. yfirfærslu verðmæta til fyrirtækis, því slíka styrki þarf að færa í reikningsskilin. Opinberan styrk skal ekki færa fyrr en nokkuð öruggt er að fyrirtækið muni uppfylla skilyrðin sem hann er veittur með og að hann verði móttækinn.

Opinberan styrk skal færa í rekstrarreikning með kerfisbundnum hætti á þeim tímabilum sem félög gjaldfæra kostnaðinn sem styrknum er ætlað að mæta. Opinber styrkur sem er innheimtanlegur sem bætur vegna gjalda eða tapa sem þegar hefur verið stofnað til eða veittur í því skyni að veita félagi fjárhagsstuðning tafarlaust án nokkurs tengds kostnaðar í framtíðinni skal færa sem tekjur á því tímabili sem hann er innheimtanlegur.

Opinber styrkur getur annaðhvort verið eignatengdur eða tekjutengdur. Eignatengdir styrkir eru opinberir styrkir þar sem frumskilyrðið er að fyrirtæki skuli kaupa, byggja eða með öðrum hætti afla eigna til langs tíma. Tekjutengdir styrkir eru opinberir styrkir aðrir en þeir sem eru eignatengdir. Ef um eignatengdan styrk er að ræða er val um að færa hann í upphafi til skuldar sem frestaðar tekjur og tekjufæra í rekstrarreikningi á nýtingartíma eignarinnar sem um ræðir. Önnur leið er að færa hann til lækkunar á stofnverði eignarinnar. Í síðarnefnda tilvikinu kæmi hann þá fram í rekstrarreikningi í lægri afskriftum í framtíðinni en ella væri. Við framsetningu tekjutengds styrks í rekstrarreikningi koma nokkrar leiðir til greina. Hægt er að færa hann sem sérgreindan lið, sem væri við hæfi ef um verulega fjárhæð er að ræða, meðal annarra tekna eða færa hann til lækkunar á viðeigandi kostnaðarlið.

FLOKKUN SKULDA Í EFNAHAGSREIKNINGI ÞEGAR SKILMÁLAR LÁNASAMNINGA ERU EKKI LENGUR UPPFYLTLIR

Í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 1 Framsetning reikningsskila kemur fram að ef lánaskilmálar eru ekki uppfylltir á reikningsskiladegi, með þeim afleiðingum að langtímalán verður greiðslukræft, skuli lántaki flokka lánið sem skammtímaskuld. Þetta gildir jafnvel þó lánaskilmálum sé breytt, þeim aflétt eða kröfuhafi staðfestir að ekki verði gengið að láninu eftir lok reikningsskiladags en fyrir birtingu reikningsskilanna.

Í lögum um ársreikninga kemur fram í c. lið 37. tölul. 2. gr. að skuld flokkist sem skammtímaskuld ef ekki er til staðar réttur til að fresta greiðslu hennar lengur en í tólf mánuði frá dagsetningu efnahagsreiknings.

ÁHRIF VEGNA FJÁRMÁLAGERNINGA

Áhrifin á ársreikninga fyrir árið 2020 vegna fjármálagerninga geta verið margvísleg. Hér má nefna sem dæmi áhrif vegna:

- Breytinga á skilmálum lánasamninga;
- Útgáfu hlutafjár og áskriftaréttinda;
- Uppgjörs skulda með afhendingu eigin hlutabréfa;
- Virðisrýrnunar útlána og krafna;
- Upplýsingagjafir í ársreikningum.

Breytingar á skilmálum lánasamninga kalla m.a. á að lánveitendur og lántakendur leggi mat á það hvort skilmálabreytingar teljast verulegar eða ekki. Niðurstaða þessa mats hefur svo áhrif á reikningshaldslega meðhöndlun breytinganna:

- Ef niðurstaðan er sú að breytingarnar eru verulegar ber að færa bókfært verð lánasamninga fyrir skilmálabreytingu úr efnahagsreikningi, færa nýtt bókfært verð í staðinn miðað við gangvirði skilmálabreyttra lánasamninga og færa mismun milli eldra og nýs bókfærðs verðs, ef einhver er, í rekstrarreikning.
- Ef niðurstaðan er sú að breytingarnar eru ekki verulegar ber að endurreikna bókfært verð lánasamninga miðað við upphaflega virka vexti þeirra og færa mismun milli eldra og nýs bókfærðs verðs, ef einhver er, í rekstrarreikning – nema hægt sé að meðhöndla mismuninn sem breytingu á virkum vöxtum lánasamninga.

Breytingar á skilmálum lánasamninga geta einnig haft áhrif á fjárhæð fjármagnskostnaðar sem er eignfærður sem hluti af bókfærðu verði eigna.

Útgáfa hlutafjár og áskriftaréttinda kallar m.a. á að útgefendur:

- Gangi úr skugga um að færsla þeirra í bókhaldi sem eiginfjárgerningar sé í samræmi við gildandi reglur;
- Hugi að færslu kostnaðar sem fellur til vegna útgáfu hlutafjár og áskriftaréttinda en færa ber slíkan kostnað beint til lækkunar á eigin fé ef hann er viðbótarkostnaður sem rekja má beint til eiginfjárviðskipta.

Uppgjör skulda með afhendingu eigin hlutabréfa kallar m.a. á að skuldarar:



- Skoði hvort hægt sé að meta gangvirði eigin hlutabréfa með áreiðanlegum hætti. Ef svo er, ber skuldurum að færa hlutabréfin upphaflega í bókhald miðað við gangvirði þeirra. Ef svo er ekki, ber skuldurum að færa hlutabréfin miðað við gangvirði skulda sem eru gerðar upp.
- Skoði hvort skuldir eru gerðar upp í heild sinni eða að hluta til. Ef skuldir eru gerðar upp að hluta til þarf að skoða hvort hluti eigin hlutabréfa sem gefin eru út tengist breytingum á skilmálum þess hlutar skuldanna sem er ekki gerður upp. Ef svo er, ber skuldurum að skipta fjölda eigin hlutabréfa milli þess hlutar skulda sem er gerður upp og þess hlutar skulda sem er ekki gerður upp.
- Færi í rekstrarreikning mismuninn milli bókfærðs verðs skulda sem eru gerðar upp og bókfærðs verðs eigin hlutabréfa sem eru afhent, þ.e.a.s. að því gefnu að kröfuhafar séu ekki jafnframt beinir eða óbeinir hluthafar í félaginu sem gefur út hlutabréfin og að þeir komi ekki fram sem hluthafar í þessum viðskiptum. Ef kröfuhafar eru jafnframt beinir eða óbeinir hluthafar og þeir koma fram sem hluthafar í þessum viðskiptum ber skuldurum að færa mismuninn beint á eigið fé.

Virðisrýrnun útlána og krafna kallar m.a. á að kröfuhafar:

- Leggi mat á það hvort lánsáhætta útlána og krafna hafi aukist verulega frá því útlánin og kröfurnar voru upphaflega færð í bókhald. Þetta á hins vegar ekki við um viðskipta-kröfur og samningseignir sem eru ekki með verulegan fjármögnunarbátt.
- Uppfæri eða breyti aðferðafræði sem þeir hafa notað við mat á virðisrýrnun til að taka tillit til núverandi efnahagsástands og væntinga um efnahagsástand í framtíðinni;
- Noti mismunandi sviðsmyndir um áhrif efnahagsástands í framtíðinni á útlánatöþ;
- Taki tillit til áhrifa sem aðgerðir stjórnvalda kunna að hafa á vanskilaáhættu skuldara.

Reglur um upplýsingagjöf í ársreikningum kalla m.a. á að veittar séu upplýsingar sem gera notendum ársreikninga kleift að meta áhrif COVID-19 faraldurs á mat og færslu fjármálagerninga og á fjárhagslega áhættu og áhættustýringu. Auk upplýsinga um áhrif vegna þeirra atriða sem fjallað er um hér að framan má nefna upplýsingagjöf um eðli og umfang lánsáhættu, lausafjáraáhættu og markaðsáhættu sem og um áhættustýringu þeirra.

ÁHRIF VEGNA LEIGUSAMNINGA

Áhrifin á ársreikninga fyrir árið 2020 vegna leigusamninga geta verið margvísleg. Hér má nefna sem dæmi áhrif vegna:

- Breytinga á skilmálum leigusamninga;
- Leiguúvilnana;
- Endurmats á leigutíma;
- Upplýsingagjafir í ársreikningum.

IFRS 16 inniheldur sérstakar reglur um meðhöndlun leigutaka og leigusala á breytingum á skilmálum leigusamninga. Félög

sem fara eftir ákvæðum staðalsins þurfa að komast að raun um hvort um breytingar á skilmálum leigusamninga í skilningi staðalsins sé að ræða. Þetta getur verið tímafrekt og vandamt verkefni þar sem mismunandi leigusamningar innihalda yfirleitt ólík ákvæði auk þess sem ýmis lögfræðileg álitamál kunna að vakna við túlkun samningsákvæða og laga og reglna sem gilda um leigusamninga. Ef um skilmálabreytingar er að ræða felur það yfirleitt í sér að leigutakar þurfa að endurreikna bókfært verð leiguskuldar með því að nota nýjar leigugreiðslur og núvirða þær með nýjum vöxtum.

Til að einfalda beitingu IFRS 16 fyrir leigutaka breytti Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) staðlinum í maí á síðasta ári þannig að leigutökum er heimilt að sleppa því að leggja mat á hvort leiguúvilnanir, sem eru beinar afleiðingar af COVID-19 faraldrinum og uppfylla ákveðin skilyrði, séu breytingar á skilmálum leigusamninga eða ekki. Þess í stað færa leigutakar slíkar leiguúvilnanir í samræmi við almennar reglur IFRS 16, kjósi þeir á annað borð að nýta sér þessi praktíska úrræði. Þetta felur almennt í sér að leigutakar færa ávinninginn af leiguúvilnunum í rekstrarreikning þegar samið er um þær eða, ef þær eru háðar einhverjum skilyrðum, þegar viðkomandi skilyrði eru uppfyllt.

Leigutökum er hins vegar áfram skylt að beita reglum IFRS 16 um meðhöndlun breytinga á skilmálum leigusamninga ef þeir kjósa að beita ekki þessum praktíska úrræðum eða ef leiguúvilnanir uppfylla ekki skilyrði IFRS 16 fyrir beitingu þeirra.

Leigutökum ber við tiltekna aðstæður að endurmeta hvort þeir eru nokkuð vissir um að nýta framlengingarheimildir eða nýta ekki uppsagnarheimildir. Þetta endurmat getur leitt til breytinga á leigutíma og þar með á bókfærðu verði leiguskulda og leigueigna. COVID-19 heimsfaraldurinn sem slíkur er ekki atburður sem kallar sjálfkrafa á endurmat á leigutíma heldur eru það aðgerðir sem leigutakar grípa til vegna faraldursins sem kunna að kalla á það.

Reglur um upplýsingagjöf í ársreikningum vegna leigusamninga kalla m.a. á að veittar séu upplýsingar sem gera notendum ársreikninga kleift að meta áhrif aðgerða vegna COVID-19 á mat og færslu leigusamninga. Auk upplýsinga um áhrif vegna þeirra atriða sem fjallað er um hér að framan má nefna upplýsingagjöf leigutaka um sveigjanleika í leigusamningum, rekstrarleg og fjárhagsleg áhrif af nýtingu uppsagnarheimilda, tilvist og mögulegt útstreymi handbærs fjár vegna ónotaðra uppsagnarheimilda, eftirstöðvagreiningu leiguskulda og stýringu á lausafjáraáhættu vegna leigusamninga.

ÁHRIF Á GANGVIRÐISMAT

Gangvirðismat vegna ársreikninga fyrir árið 2020 getur verið vandamt vegna óvissunnar sem COVID-19 faraldurinn hefur valdið. Áreiðanlegasta mat á gangvirði er skráð verð á virkum markaði. Þegar því er ekki til að dreifa ber að nota matsaðferðir sem byggja eins mikið og hægt er á markaðsupplýsingum og eins lítið og hægt er á eigin forsendum.



Meta ber gangvirði eigna og skulda með því að nota matsaðferðir og forsendur sem eru viðeigandi á hverjum tíma. Óvissa um framtíðarsjóðstreymi vegna COVID-19 getur gert það að verkum að skipta ætti um matsaðferð og/eða gera talsverðar breytingar á eigin forsendum til að gangvirðismatið endurspegli óvissu og áhættuálag markaðarins á matsdegi. Þetta getur leitt til þess að gangvirðismat flokkast í meira mæli í þriðja stig gangvirðismats, með umfangsmeiri kröfum um upplýsingagjöf í ársreikningum.

Miðað við þá auknu óvissu og aukið vægi eigin forsenda í gangvirðismati má fastlega búast við því að upplýsingagjöf vegna gangvirðismats skipti enn meira máli við gerð ársreikninga fyrir árið 2020 en á fyrri árum. Hafa ber í huga að markmiðið með upplýsingagjöfinni er að í ársreikningum séu birtar upplýsingar sem gera notendum kleift að leggja mat á aðferðir og forsendur sem voru notaðar við gangvirðismatið sem og áhrif þeirra á fjárhagsstöðu og afkomu.

ÁHRIF Á VIRÐISRÝRNUN EIGNA

Vegna COVID-19 geta margvíslegar vísbendingar verið til staðar um að virði eigna hafi rýrnað. Því eru talsverðar líkur á því að framkvæma þurfi virðisrýrnunarpróf við gerð ársreikninga fyrir árið 2020. Vanda þarf til verka því erfitt getur reynst að meta framtíðarsjóðstreymi og ávöxtunarkröfu vegna mikillar óvissu.

Meta þarf hvort ástæða sé til að breyta um nálgun við mat á framtíðarsjóðstreymi, úr hefðbundinni aðferð, þar sem notast er við líklegustu sviðsmynd um framtíðarsjóðstreymi og ávöxtunarkröfu sem er leiðrétt vegna óvissu í sjóðstreyminu, en nota þess í stað aðferð vænts sjóðstreymis, þar sem tekið er tillit til óvissu um framtíðarsjóðstreymi með því að nota fleiri líkindavegnar sviðsmyndir um framtíðarsjóðstreymi í stað þess að leiðrétt ávöxtunarkröfuna vegna hennar.

Í þeim tilvikum þegar virðisrýrnunarpróf skipta máli fyrir notendur ársreikninga þarf að birta viðeigandi og fullnægjandi upplýsingar um framkvæmd virðisrýrnunarprófa, þ.m.t. um aðferðir, forsendur og næmi prófanna fyrir breytingum á forsendum.

UPPLÝSINGAGJÖF Í SKÝRSLU STJÓRNAR

Um skýrslu stjórnar er fjallað í VI. kafla ársreikningalaga. Ríkari kröfur eru gerðar um upplýsingagjöf stærri félaga en þeirra smærri og enn ríkari kröfur til félaga sem flokkast sem einingar tengdar almannahagsmunum sem alltaf teljast til stórra félaga. Í ársreikningum allra félaga þurfa skilyrði 65. gr. laganna að vera uppfyllt. Samkvæmt þeirri grein ber félögum meðal annars að gera grein fyrir þróun í starfsemi sinni og fjárhagsstöðu, atriðum sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim sem og mögulegri óvissu við mat eða óvenjulegar aðstæður sem kunna að hafa áhrif á félagið. Eftir því sem við á skal tilgreina fjárhæðir. Þá segir í sömu grein að leiki vafi á rekstrarhæfi skuli gera grein fyrir því í skýrslu stjórnar.

Samkvæmt 66. gr. laganna þurfa meðalstór félög, stór félög og einingar tengdar almannahagsmunum að veita ýmsar viðbótarupplýsingar um árangur, áhættu og óvissuþætti. Þannig segir að til viðbótar þeim upplýsingum sem krafist er skv. 65. gr. skuli skýrsla stjórnar þeirra félaga sem hér um ræðir veita glöggt yfirlit yfir árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og þróun ásamt lýsingu á megináhættu og óvissuþáttum sem það stendur frammi fyrir. Þá skal skýrsla stjórnar, eftir því sem við á, hafa að geyma tilvísanir til fjárhæða sem settar eru fram í ársreikningi og frekari skýringar á þeim. Eftir því sem við á skal jafnframt fjalla um ýmis önnur atriði sem talin eru upp í greininni. Eitt þeirra er að greina frá áhrifum ytra umhverfis á félagið og ráðstafanir sem hindra, draga úr eða bæta tjón sem félagið verður fyrir.

ÁHERSLUATRIÐI Í EFTIRLITI ÁRSREIKNINGASKRÁR

Við eftirlit með ársreikningum fyrir árið 2020 mun ársreikningaskrá leggja áherslu á að skoða hvort í ársreikningum sé með fullnægjandi hætti gerð grein fyrir því hvaða áhrif heimsfaraldurinn hefur haft á reikningsskil félaga, þ.m.t. upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar. Þetta á við hvort heldur sem ársreikningar eru gerðir samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða lögum um ársreikninga.

Ársreikningaskrá hefur bent á að stjórnendur félaga bera ábyrgð á því að reikningsskilin innihaldi fullnægjandi upplýsingar vegna áhrifa COVID-19 á rekstur, stöðu og sjóðstreymi viðkomandi félags. Jafnframt hefur ársreikningaskrá bent á að vegna þess ástands sem hefur myndast vegna áhrifa af COVID-19 faraldrinum á efnahagslífið sé ljóst að mikil óvissa ríki um áhrif á afkomu, fjárhagsstöðu og sjóðstreymi einstakra félaga og að gagnsæi í upplýsingagjöf sé lyklatríði í að auka traust fjárfesta, lánardrottna og annarra haghafa á þeim upplýsingum sem birtar eru í reikningsskilum.

Við eftirlit með ársreikningum félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum mun ársreikningaskrá jafnframt fara eftir áhersluatriðum í eftirliti sem Verðbréfaeftirlit Evrópu (ESMA) gaf út í október 2020. Í 14 blaðsíðna tilkynningu ESMA er COVID-19 nefnt 34 sinnum svo ljóst er að ESMA, og þar með ársreikningaskrá á Íslandi, leggur ríka áherslu á að áhrif faraldursins komi skýrt fram í ársreikningum félaga sem beita alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Meðal þess sem ESMA bendir á er að áhrif faraldursins kunni að koma fram við beitingu IAS 1 Framsetning reikningsskila, IAS 36 Virðisrýrnun eigna, IFRS 9 Fjármálagerningar, IFRS 7 Fjármálagerningar: upplýsingagjöf og IFRS 16 Leigusamningar.

NIÐURLAG

Eins og hér hefur verið reifað getur COVID-19 heimsfaraldurinn haft margvísleg áhrif á ársreikninga fyrir árið 2020. Það er því að ýmsu að hyggja og nauðsynlegt að greina áhrifin tímanlega og vanda til verka til að tryggja að ársreikningar uppfylli allar kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Jóhann I. C. Solomon og Unnar Friðrik Pálsson



Þá hefur Hæstiréttur Íslands staðfest að ef sambúð hefur varað í langan tíma, en hjónaband í skamman tíma beri að meta allan tímenn sem aðilar voru með sameiginlegt heimili



FJÁRSKIPTI HJÓNA OG SAMBÚÐARFÓLKS

Pétur Steinn Guðmundsson, lögfræðingur hjá Skatta og lögfræðiráðgjöf Deloitte ehf.

INNGANGUR

Það er nokkuð algengt að málefni hjóna vegna skilnaðar komi með beinum eða óbeinum hætti inn á borð löggiltra endurskoðenda, sem oft á tíðum aðstoða við gerð fjárskiptasamnings, sem lagður er fram hjá sýslumanni við skilnaðar að borði og sæng eða við lögskilnað. Ef afstaða hjónanna er þannig að ekki verður gerður fjárskiptasamningur með samkomulagi, koma endurskoðendur oft að aðstoð við gerð uppgjör fjárskipta, þar sem lögmenn fara með fyrirsvar málsins, en endurskoðandinn hefur oft yfirsýn yfir eignir og skuldir, t.d. vegna fyrri framtalsgerðar hjónanna. Um fjárhagslegt uppgjör hjóna við skilnað og sambúðarfólks við sambúðarslit, gilda um margt ólík réttindi, eftir því hvort um hjón er að ræða eða slit á óvígðri sambúð. Hér verður fjallað almennt um helstu þætti því tengdu en ekki verður fjallað um samkomulag um umgengni ef börn eru til staðar, sem þarf þó alltaf að ganga frá. Grein þessi byggir á námskeiði sem haldið var um miðjan janúar 2020 á vegum FLE undir nafninu „Skilnaður og sambúðarslit“.

SKYUR MAKÁ

Hugtakið maki nær aðeins til hjóna samkvæmt hjúskaparlögum nr. 31/1993. Sambýlismaki eða sambúðarmaki hafa þannig ekki sömu merkingu og það hefur samkvæmt hjúskaparlögum. Orðið maki finnst þó víða í lögum og hefur oft víðari skírskotun en í hjúskaparlögum. Í dæmaskyni má nefna notkun orðsins maki í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem vísað er til makalífeyris, en í lögnum segir í 3. mgr. 16. gr. laganna:

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélaga enda

hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

Í lögum nr. 130/1999 um ættleiðingar er vísað til einstaklinga sem hafa verið í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár, sem þá heimilar ættleiðingu. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir er hugtakið maki notað samkvæmt hjúskaparlögum.

Þótt meginreglan um ráðstöfun eigna sinna sé til staðar í hjúskap, eru nokkrar takmarkanir á því hvernig heimilt er að ráðstafa einstaka eignum. Þannig er öðru hjóna óheimilt að afhenda eða veðsetja fasteign sem notuð er sem búsetustaður fjölskyldunnar, eða vinnustaður annars eða beggja, án skriflegs leyfis hins makans. Breytir engu hvort um hjúskapareign eða séreign sé að ræða. Þá er sú skylda sett á hjón að hvort hjóna fari með hjúskapareignir sínar þannig að þær skerðist ekki vegna ótilhlýðilegrar háttsemi.

Við andlát maka kemur sú grunnstaða upp að eftirlifandi maki getur setið í óskiptu búi en þessi heimild er ekki til staðar í óvígðri sambúð. Þá verður að skipta búshluta hins látna eftir almennum reglum erfðaréttar, en með erfðaskrá getur eftirlifandi sambúðaradili erft 1/3 eftir sambýlismaka.

Samkvæmt hjúskaparlögum hvílir gagnkvæm framfærsluskylda á hjónum. Því er ekki þannig farið í óvígðri sambúð. Hjón skulu í sameiningu hjálpast að, við framfærslu fjölskyldunnar með fjárfamlögum, vinnu á heimili eða á annan hátt, eins og segir í lögnum.



Hjónum ber að veita hvort öðru upplýsingar um efnahag sinn og afkomu. Þannig eiga hjón að ræða saman um fjármál sín og taka sameiginlegar ákvarðanir um rekstur heimilisins. Hér er byggt á samstöðu hjóna, sameiginlegri ábyrgð þeirra og trúnaði sem ríkir á milli þeirra. Þótt meginreglan sé að hvort hjóna beri ábyrgð á þeim skuldbindingum sem á því hvíla og að annað hjóna geti ekki skuldbundið hitt með samningi, skal jafnframt bent á lögmæta ábyrgð á sköttum hvors annars, sbr. 116. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003.

SKILNAÐUR AÐ BORÐI OG SÆNG

Hjúskaparlög mynda lagagrundvöll fyrir hjúskap tveggja einstaklinga. Lögin gilda aðeins um hjónaband, en ekki óvígða sambúd.

Þegar hjón hafa ákveðið að skilja eru að meginefni tvö atriði sem þarf að hafa í huga sem næstu skref. Skilnaður að borði og sæng eða lögskilnaður. Oftast er skilnaður að borði og sæng það úrræði sem hjón fara í gegnum, en fjallað er um skilnað að borði og sæng í 33. – 35. gr. hjúskaparlaga. Þar segir m.a. að ef hjón eru sammála um að óska leyfis um skilnað að borði og sæng ber þá að veita þeim leyfi slíks skilnaðar. Í 34. gr. laganna kemur fram að ef annað hjóna telur sig ekki geta haldið áfram hjúskap á það rétt á skilnaði að borði og sæng. Hinn aðili hjónabandsins þarf að sæta þeirri ákvörðun makans og getur þriðji aðili, svo sem sýslumaður ekki metið kröfuna. Sýslumaður verður að sinna þeirri kröfu sem fram er komin og veita leyfið að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Ef hjón eru sammála um skilnað að borði og sæng, má gera ráð fyrir að samkomulag verði jafnframt milli þeirra um skiptingu eigna og skulda, með fjárslitasamningi, en slíkur samningur þarf að liggja fyrir til að leyfi verði veitt. Ef annað hjóna krefst skilnaðar, sem ekki er samþykkt af maka, má gera ráð fyrir að krafa um opinber skipti liggi fyrir, ef ekki næst samkomulag um fjárslitasamning milli hjónanna.

Skilnaður að borði og sæng er ekki endanlegur og því er sú staða uppi að ef hjón halda áfram sambúð, umfram stuttan tíma sem sanngjarnt er að ætla þeim eða taka upp sambúð aftur meðan tímabil skilnaðar að borði og sæng er enn virkt, falla réttaráhrifin niður og verður ekki grundvöllur til lögskilnaðar. Þetta kom skýrt fram í dómi Hæstaréttar Íslands í máli HRD. 46/2008, þar sem tekist var á um hvort skilyrði til skilnaðar að borði og sæng hefði fallið niður, þar sem hjónin höfðu tekið upp sambúð að nýju, eftir að leyfi til skilnaðar að borði og sæng hefði verið leyft.

Höfðu hjónin tekið upp sambúð sem varað hafði í þrjá og hálfan mánuð og voru þau ekki sammála um hvort um hafi verið að ræða skammvinna tilraun til að endurvekja samvistir að nýju, eða hvort leyfisveitingin hafi fallið niður. Dómurinn staðfesti að þessi tími hefði verið lengri en svo að talist gæti til skammvinnrar tilraunar til að endurvekja samvistir þeirra. Var því talið að réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng hefði fallið niður.

Hjón sem hafa fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng og eru á einu máli um að óska lögskilnaðar, geta fengið hann staðfestan eftir sex mánuði, frá því leyfi var veitt. Ef ekki er sátt milli aðila um að óska lögskilnaðar, á hvor maki fyrir sig, rétt á lögskilnaði þegar ár er liðið frá því leyfi til skilnaðar að borði og sæng var veitt. Skiptir þannig afstaða hins aðila hjónabandsins ekki máli. Ef hins vegar um ósamlyndi er að ræða, þ.e. að annar aðillinn flytur út af heimilinu og sambúðin er með þeim hætti að ekki er óskað eftir skilnaði að borði og sæng, þá þarf að bíða í tvö ár áður en möguleiki er að krefjast lögskilnaðar. Hér er sönnunin hjá þeim sem sækir um skilnað.

Þegar hjón eða annað þeirra, fer fram á skilnað að borði og sæng, helst gagnkvæm framfærsluskylda milli hjóna. Ef annar aðillinn krefst framfærslu, er oftast haft sem viðmið hvað viðkomandi getur aflað sjálfur og hvað hinn getur verið aflögufær um. Hér koma til skoðunar sjónarmið um lengd hjúskapar og annað sem kann að hafa áhrif á fjárhæðina svo sem hvort sá sem krefst framfærslu hafi unnið heima í langan tíma og fleira. Framfærsluskylda fellur oftast niður við lögskilnað, með undantekningum þó.

Lögskilnaður strax

Til þess að hjónaskilnaður gangi í gegn, án undangengis leyfis til skilnaðar að borði og sæng, eru ekki margir valkostir. Svo virðist sem löggjafinn hafi ákveðið að setja þröskulda til að gera fólki erfiðara fyrir að fá strax heimild til lögskilnaðar, án undangengis leyfis til skilnaðar að borði og sæng.

Eins og áður er vikið að, þurfa hjón að bíða í sex mánuði eftir að leyfi er fengið til skilnaðar að borði og sæng, til að fá lögskilnað, ef hjónin eru sammála um skilnað. Það tímamark getur orðið 12 mánuðir eða 2 ár, líkt og nefnt var að framan. Það eru þrjú tilvik sem heimila lögskilnað án undangengis skilnaðar að borði og sæng, þ.e. tvíkvæni, hjúskaparbrot og líkamsárás eða kynferðisbrot.

Tvíkvæni

Í tilviki þegar annar makinn hefur gengið tvisvar í hjónaband, getur sá sem hann giftist fyrst, krafist hjónaskilnaðar sem þá tekur strax gildi. Sá sem hann giftist síðar hefur hins vegar ekki þennan skilnaðarrétt, því ef það kemur í ljós að hjónaband var ekki heimilt verður það ógilt, sbr. 11. gr. hjúskaparlaga sem segir að eigi má vígja þann sem er í hjúskap.

Hjúskaparbrot

Hjúskaparbrot er sú leið sem mjög oft er valin, þegar ákvörðun um skilnað liggur fyrir hjá öðru eða báðum aðilum, án þess að vilja fara í gegnum skilnað að borði og sæng fyrst. Í þeim tilvikum fá löggiltir endurskoðendur slík mál oft inn á borð. Þessi leið hefur oft verið notuð, án þess að um raunverulegt hjúskaparbrot er að ræða, heldur til að ljúka lögskilnaði svo hjónin geti farið hvort sína leið. Annað hjónanna staðfestir hjúskaparbrot frammi fyrir sýslumanni til að skilnaður gangi hratt í gegn.



Fjárslitasamningur þarf að liggja fyrir sem og forsjá barna ef þau eru til staðar.

Líkamsárás eða kynferðisbrot

Líkamsárás sbr. XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eða kynferðisbrot skv. XXII. kafla sömu laga gegn maka sínum eða barni sem býr hjá þeim, er fullgild ástæða til að fá skilnað frá maka, án tafar. Hér er vísað til þess að ef maki er beittur ofbeldi eða ef annar aðilinn beitir börn sem búa á heimilinu ósæmilegu eða kynferðislegu ofbeldi. Hér miðast við að líkamsárás sé nokkur eða mikil, en minni háttar líkamsárás getur fallið utan marka ákvæðisins. Það spilar þó rullu hér að ef talið er að ofbeldismaðurinn komi til með að halda þessu áfram þá getur það leitt til skilnaðarástæðu strax. Þá er í greinargerð með lögunum bent á að hér er áskilinn ásetningur við líkamsárás. Gáleysi getur því verið utan vébanda ákvæðisins. Vegna kynferðisbrota er beinlínis vísað í kynferðisbrotakafla hegningarlaganna þannig að þau ákvæði og dómaframkvæmd sem þar hafa viðgengist eru hér undir líka. Í 2. mgr. 40. gr. hjúskaparlaga er bent á að ef atferli leiði til alvarlegs ótta á heimili, getur það orðið skilnaðarástæða, en hér er um matsatriði að ræða sem þarf að leggja fram. Sönnunarbyrði er á þeim sem krefst skilnaðar.

Óvígð sambúð

Með óvígðri sambúð er átt við tvo einstaklinga sem hafa ákveðið að búa saman, án þess að staðfesta sambúðina með hjónabandi. Þessi aðilar gera þannig með sér samkomulag sem geta verið bindandi fyrir þessa tvo einstaklinga, en almennt eru réttindi hvors um sig sem einstaklings en ekki sem sambúðarfólk. Þá eru ýmis réttindi og skyldur til staðar hjá þeim sem búa saman í óvígðri sambúð. Þannig veita lög um almannatryggingar fólki í óvígðri sambúð sama rétt og hjónum. Við slit á óvígðri sambúð þar sem ósjálfráða börn eru til staðar þurfa foreldrarinn að koma sér saman um forsjá og meðlag. Í óvígðri sambúð gilda ekki takmarkanir 60. gr. hjúskaparlaga um að maki verði að undirrita skjöl er varða sölu eða veðsetningu fasteigna sem fjölskyldan býr í.

Við slit sambúðar þurfa einstaklingar því að fara yfir þau mál sem varða fjárskiptin. Það er í engu tilviki einhver biðtími sem krafist er, þannig að „skilnaðurinn“ getur gengið strax í gegn og ákvörðun liggur fyrir. Það er nægjanlegt að annar aðili sambandsins ákveði að yfirgefa hinn aðilann, eða vísa honum út úr íbúð sinni ef þannig stendur á. Algengast er að vandamál koma upp við skiptingu við fjárslit þar sem engin helmingaskiptaregla er til staðar, líkt og er innbyggð í hjúskaparlög. Hér skiptir því máli hver kom með hvað inn í sambandið, hver er skráður fyrir t.d. íbúðinni eða bifreiðinni eða hvort verðmætin sem viðkomandi lagði til hins sameiginlega heimilis séu til staðar eða ekki.

Við andlát sambúðaraðila getur hitt ekki setið í óskiptu búi og skiptir því máli hvort einhverjir erfingjar eru til staðar eða ekki, eða hvort erfðaskrá hafi verið gerð um það hvernig fara skuli

með dánarbúið. Sambúðaraðilar geta gert erfðaskrá um að erfa hvort annað um 1/3 af eignum sínum. Um aðrar eignir fer eftir almennum reglum erfðaréttar.

Sambúðarfólk getur verið samskattað og notið þeirra réttinda sem samsköttun hefur í för með sér, að skilyrðum uppfylltum, sem eru að um einstaklingar í óvígðri sambúð eigi rétt á að telja fram og vera skattlagðir sem hjón, sem samvistum eru, enda óski þeir þess báðir skriflega við skattyfirvöld. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem skráð er eða skrá má í þjóðskrá skv. 3. mgr. 5. gr. laga um lögheimili og aðsetur, enda eigi sambúðarfólk barn saman eða von á barni saman eða hafi verið samvistum í samfelld eitt ár hið skemmsta. Ríkisskattstjóra er heimilt að leita umsagnar þjóðskrár Íslands þyki leika vafi á um að skráningarskilyrði séu uppfyllt. Undir þessum kringumstæðum nýtur parið þeirra réttinda sem samsköttuð hjón og taka þannig ábyrgð á sköttum hvors annars.

KAUPMÁLAR

Meginreglan er sú að eignir hjóna verða hjúskapareignir nema ef um séreignir er að ræða samkvæmt öðrum reglum svo sem við erfðir eða með kaupmála. Þessi meginregla á við jafnt um eignir sem maki flytur í búið við hjúskaparstofnun eða eignast síðar. Þannig verður arfur sem ekki er sérstaklega skilgreindur sem séreign arftaka, hjúskapareign og kemur til skiptanna við skilnað. Kaupmálar innihalda greiningu á séreignum hvors aðila fyrir sig. Skráðar eignir annars makans verða þannig séreign sem ekki kemur til skipta við skilnað og er haldið utan fjárskiptasamnings. Sá sem heldur því fram að eign sé ekki hjúskapareign hefur sönnunarbyrði fyrir því. Þannig verða gjafir milli hjóna og hjónaefna ekki gildar nema með kaupmála.

Kaupmálar eru formlegt skjal, en formið er hér mjög mikilvægt til að geta kallast kaupmáli. Kaupmála er hægt að gera hjá hjónaefnum eða hjónum.

Kaupmáli skal vera skriflegur í tvíriti og um skjalið gilda reglur þinglýsingarlaga, enda skal kaupmálinn skráður hjá sýslumanni. Þannig er ekki nægjanlegt að vera með munnlegt samkomulag milli hjóna um tiltekin atriði. Undirritun hjóna eða hjónaefna skal staðfest af lögbókanda, lögmanni eða tveimur vottum, sem skulu vera lögráða og staðfestingarhæfir samkvæmt réttarsreglum og vottun skal fara fram samhliða undirritun kaupmálans. Þá skal skýrt tekið fram í skjalinu að verið sé að votta kaupmála. Kaupmálar taka ekki gildi fyrr en við skráningu hjá sýslumanni og um afturköllun gilda sömu reglur og um skráningu. Ef annað hjóna eða hjónaefna er ólöggráða verður lögráðamaður að staðfesta kaupmála.

Hægt er að tímabinda kaupmála, þannig að t.d. séreign verði hjúskapareign ef hjúskap lýkur með andláti. Eignin kemur þannig ekki til skipta við skilnað en við andlát færast hún úr séreign hins látna til hjúskapareigna, en þá hefur makinn rétt til



setu í óskiptu búi og fer með yfirráð eigna þess. Með kaupmála er ekki möguleiki að tryggja framtíðareignir sínar sem séreignir. Skráning eignanna skiptir hér höfuðmáli og hefur dómaframkvæmd staðfest það, svo sem í dómi Hæstaréttar Íslands í máli HRD. 2013/1959 þar sem segir:

Kaupmála hafa þau ekki gert, og eru því þær eignir, sem þau kunna að hafa komið með í búið, hjúskapareign hvors um sig. Hið sama gildir um erfðafé konunnar, enda ekki vitað, að arfláti hafi látið svo um mælt, að arfur sá, er hún hlyti, skyldi verða séreign hennar.

Fyrir einstaklinga í óvígðri sambúð gildir kaupmáli ekki. Hins vegar eru eignir sem skráðar eru á hvorn einstakling fyrir sig, hans eign og sambúðinni óviðkomandi við slit sambúðar. Hér geta vaknað spurningar um hvort sá aðili sem ekki er skráður fyrir eigninni hafi lagt eitthvert fé til við kaupin, eða t.d. viðhalds sem skiptir máli til að meta sem hlutdeild í eigninni.

FJÁRSKIPTI HJÓNA

Eins og áður er vikið að þarf að liggja fyrir skriflegur samningur um fjárskipti milli hjóna til að geta fengið leyfi til skilnaðar. Fjárskiptasamningur er oftast staðfestur af sýslumanni en dómara ef mál er þar til meðferðar. Frá staðfestingu fjárskipta eru eignir og skuldir makanum óviðkomandi. Ef hjón eru eignarlaus, þá er nægjanlegt að yfirlýsing hjónanna um eignaleyfi liggja fyrir í stað fjárskiptasamnings, sem þó skal staðfest fyrir sýslumanni eða dómara.

Í ákvæði 95. gr. hjúskaparlaga er opnað fyrir að fella fjárskiptasamning að nokkru leyti eða öllu úr gildi, ef hann er bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma þegar til hans var stofnað. Þetta verður aðeins gert innan árs frá því leyfi til skilnaðar var veitt, fyrir dómi, enda er um að ræða samning sem staðfestur var af hjónunum við skilnað. Sá sem heldur því fram að samningurinn sé bersýnilega ósanngjarn hefur sönnunarbyrði fyrir því fyrir dómi.

Meginreglan við skilnað er að líta til helmingaskiptareglunnar sbr. 103. gr. hjúskaparlaga. Þó koma reglulega fyrir skáskiptareglur sbr. 104. gr. laganna.

Helmingaskiptareglan

Helmingaskiptareglan er meginreglan við fjárskipti hjóna við skilnað. Skírri hjúskapareign hvors um sig skal skipt til helminga, sbr. 6. gr. hjúskaparlaga, sbr. 103. gr. sömu laga. Hvor maki um sig á þannig tilkall til helminga úr skírri hjúskapareign hins. Þegar helmingaskiptareglunni er beitt þá eru skráðar allar eignir og allar skuldir og svo síðan deilt niður á hjónin til helminga. Það kemur fyrir að skiptingin verður ekki alveg jöfn og greiðir þá sá sem hefur fengið hærri úthlutun, mismun til hins makans með peningum, þannig að skiptin verði jöfn.

Skáskipti

Með skáskiptareglunni sbr. 104. gr. hjúskaparlaga er vikið frá helmingaskiptareglunni, en þar segir að víkja megi frá reglum um helmingaskipti og ákvæðum um skipti á séreign ef skipti yrðu að öðrum kosti bersýnilega ósanngjörn fyrir annað hjóna. Á þetta einkum við þegar tekið er tillit til fjárhags hjónanna og lengdar hjúskapar, svo og ef annað hjóna hefur flutt í búið verulega miklu meira en hitt við hjúskaparstofnun eða hefur síðar erfð fé eða fengið það að gjöf frá öðrum en maka sínum. Hér er því lagt mat á hvaða verðmæti hvort hjóna kom með inn í hjónabandið og tímalengdar hjúskapar. Stutt hjónaband getur þannig haft meiri áhrif á fjárslitasamning, ef hann er bersýnilega ósanngjarn og ekki hafi stofnast til raunverulegs fjárfélags í hjónabandi.

Í lengri hjónaböndum eru því meiri líkur á að fjárfélag myndist og helmingaskiptareglan verði virk. Í dómi Hæstaréttar Íslands í máli HRD. 41/2005 höfðu hjónin verið gift í þrjú ár, en eiginmaðurinn átti íbúð við upphaf hjónabandsins sem hann seldi og þau keyptu sér aðra íbúð sem skráð var til helminga á hvort þeirra. Maðurinn freistaði þess að fá þessa eign sína metna við fjárskiptin á grundvelli skáskiptareglunnar. Dómurinn segir:

Maðurinn krafðist þess að vikið yrði á nánar tiltekinn hátt frá helmingaskiptum við opinber skipti til fjárslita milli hans og Konunnar vegna hjónaskilnaðar. Hjúskapur aðila hafði staðið í þrjú ár og á þeim tíma hafði myndast með þeim fjárhagsleg samstaða. Að öllum atvikum virtum var ekki talið að skilyrði væru til þess að víkja frá helmingaskiptareglu hjúskaparlaga. Þá var Konunni gert að greiða Manninum leigu fyrir þann tíma sem hún hafði búið í íbúð þeirra eftir samvistarslit.

Helmingaskiptareglan var látin ráða, en svo virðist sem einhvers konar sárabót hafi verið fyrir manninn sem fékk greidda húsaleigu fyrir þann tíma sem konan var í íbúðinni eftir skilnað.

Fjölmargir dómur hafa fallið um skiptingu eigna og má álykta að meginreglan sé sú að skáskiptareglan eigi frekar við ef hjónaband hefur varað skamman tíma. Þá hefur Hæstiréttur Íslands staðfest að ef sambúð hefur varað í langan tíma, en hjónaband í skamman tíma beri að meta allan tímamann sem aðilar voru með sameiginlegt heimili. Þá kann að skipta máli hvort kaupmáli hafi verið gerður. Í dómi Hæstaréttar Íslands í máli HRD. 191/2008 voru uppi sjónarmið um hvort meta ætti fjárskipti hjóna á grundvelli helmingaskiptareglunnar eða skáskiptareglunnar. Hjónin voru í annað sinn á þremur árum að ganga í gegnum skilnað sín á milli. Dómurinn segir:

Maðurinn og Konan fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng árið 2003 og gerðu af því tilefni með sér fjárskiptasamning. Talið var að réttaráhrif þess skilnaðar hefðu fallið niður þar sem þau hefðu tekið upp sambúð að nýju. Maðurinn og Konan fengu aftur skilnað að borði og sæng árið 2006. Var



talið að við fjárslit vegna síðari skilnaðarins skyldi á grundvelli 111. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 vikið frá helmingaskiptareglu 103. gr. laganna sbr. 1. mgr. 104. gr. sömu laga, að því er varðaði lán sem Konan hafði tekið í tengslum við hinn fyrri fjárskiptasamning og upplýst var að hún hefði greitt til Manninum vegna kaupa á hlut Mannsins í fasteign þeirra. Á þessum grundvelli var talið að Konan gæti fengið fasteign búsins og bifreið sér útlagða gegn nánar tiltekinni greiðslu.

Að kröfu annars hjóna er hægt að halda tilgreindum eignum utan skipta. Oftast er um persónuréttindi að ræða svo sem réttindi í opinberum lífeyris- eða einkalífeyrissjóðum sem og önnur réttindi eða verðmæti sem ekki er hægt að afhenda eða eru svo persónulegs eðlis, svo sem munir sem eru því nauðsynlegir til að halda áfram atvinnu eða menntun sinni. Undanþága fyrir að halda verðmætum utan skipta geta verið munir sem eru svo verðmætir að það verði talið ósanngjarnt gagnvart hinu hjónanna að halda þeim utan skipta. Sama gegnir um muni sem hafa minjagildi fyrir annan maka eða fjölskyldu hans. Þá geta fébætur, almannatryggingabætur, váttryggingafé vegna líkams- eða heilsutjóns komið hér til skoðunar.

Fjárskipti sambúðarfólks

Eins og áður segir gildir helmingaskiptaregla hjúskapalaga ekki um óvígðar sambúð. Fer hún eftir almennum reglum fjármunaréttar og verður mögulega byggt á samkomulagi milli sambúðarfólksins, en að öðru leyti fer um skiptinguna eftir skráningu og sönnun fyrir því hvernig verðmætin urðu til. Ef annar aðilinn hafði keypt allt innbú og getur sannað það, tekur hann allt með sér. Þá geta annar eða báðir aðilar krafist opinberra skipta sbr. 100. gr. skiptalaga nr. 20/1991, ef sambúð hefur varað í a.m.k. tvö ár eða ef einstaklingarnir eiga barn saman.

Í dómi Hæstaréttar Íslands í máli HRD. 487/2005 var tekist á um skipti í óvígðri sambúð. Dómurinn segir:

Við opinber skipti til fjárslita milli Mannsins og Konunnar við lok óvígðrar sambúðar deildu aðilar um eignarhlut í fasteign. Við upphaf sambúðarinnar átti Konan fasteign og lagði andvirði hennar til kaupa hinnar umdeildu fasteignar, sem í veðmálabókum var talin eign þeirra Mannsins og Konunnar að jöfnu. Talið var sýnt að Konan hefði lagt meira að mörkum til kaupa fasteignarinnar þannig að ekki yrði í málinu byggt

á hinni þinglýstu eignarheimild. Ekki var ágreiningur um fjárframlag hvors um sig til kaupanna utan það að Maðurinn byggði á því að tiltekið lán sem tekið var til kaupa fasteignarinnar hafi átt að greiðast af honum einum og teljast með framlagi hans. Þessu mótmælti Konan og lagði fram gögn um að þau væru bæði skuldarar að umræddu láni. Gögn málsins þóttu veita nægilega vísbendingu um að það hefði verið ætlun aðila að líta á umrætt lán sem framlag Mannsins og var lagt til grundvallar að svo hefði verið. Var þá meðal annars litið til þess að Maðurinn hafði einn skráð skuldina á skattframtal sitt og virtist hafa greitt afborganir af henni. Þá lá einnig fyrir uppkast að eignaskiptasamningi sem þótti veita vísbendingu í sömu veru þótt ekki yrði byggt á honum að fullu. Var því lagt til grundvallar að Maðurinn væri eigandi 42,4% fasteignarinnar en K 57,6%.

Í þessum dómi er það viðurkennt að Maðurinn hafði tekið lán sem hann greiddi einn af og var það því hans framlag til kaupanna. Konan fékk sinn hluta metinn eins og hún lagði fram við upphaf kaupanna. Það skiptir því máli í óvígðri sambúð að halda utan um þau verðmæti sem sett eru til sameiginlegra kaupa á fasteign. Með skuldir þurfa aðilar að vera vakandi, því skuldir sem skráðar eru á hvorn aðilann fyrir sig leiða meiri líkur á að þær muni fylgja viðkomandi við slit óvígðrar sambúðar.

AÐ ENDINGU

Í grein þessari hefur verið fjallað um skilnað og slit óvígðrar sambúðar. Það eru mörg önnur sjónarmið sem koma til skoðunar svo sem ef hjón, eða annar aðili sambandsins, hafa verið með rekstur, saman í félagi, eða á kennitölu annars þeirra. Hvaða eignir eru þá skráðar atvinnurekstrareignir og hvaða eignir eru mögulega eign viðkomandi.

Við andlát annars makans eða sambúðaraðila koma upp sjónarmið um erfðir, en nokkur mismunur er á meðhöndlun dánarbús eftir því hvort um hjón var að ræða eða tvo einstaklinga, eins og aðeins er vikið að hér að framan. Bíður umfjöllun um þessi efni síðari tíma.

Pétur Steinn Guðmundsson



SKIPAN STJÓRNAR OG FASTANEFNDA FLE

STARFSÁRIÐ 2020 - 2021



Félagsstjórn FLE frá vinstri: Bryndís Björk Guðjónsdóttir formaður, Páll Grétar Steingrímsson varaformaður, Arnar Már Jóhannesson, Hlynur Sigurðsson og Ingunn Hafdís Hauksdóttir

Álitsnefnd FLE: Bryndís Björk Guðjónsdóttir formaður, Páll Grétar Steingrímsson varaformaður, H. Ágúst Jóhannesson, Margrét Pétursdóttir, J. Sturla Jónsson og Margret Flóvenz, varamaður

Endurskoðunarnefnd FLE: Fannar Ottó Viktorsson formaður, Aðalheiður Sigbergsdóttir, Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir og Eyþór Guðjónsson

Gæðanefnd FLE: Dána Hilmarsdóttir formaður, Ragnar Sigurmundsson, Ísak Gunnarsson og Berglind Klara Daníelsdóttir

Menntunarnefnd FLE: Björn Óli Guðmundsson formaður, Arna G. Tryggvadóttir, Gunnar Þór Tómasson og Hildur Sigurðardóttir

Reikningsskilanefnd FLE: Sigurjón Arnarson formaður, Gunnar Snorri Þorvarðarson, Helgi Einar Karlsson og Andri Guðmundsson

Skattanefnd FLE: Ágúst Kristinsson formaður, Heiðar Þór Karlsson, Kjartan Arnfinnsson og Anna Þóra Benediktsdóttir

ERTU VISS UM AÐ ÞAÐ AUKI
FRAMLEIÐNINA AÐ RÁÐA ALLA
ÞESSA BAUNATELJARA Á
FÆRIBANDIÐ?





Í mörg ár fékk hann jólakort sem ég átti að fá, jafnvel frá náskyldum frænda mínum og vini, en ég fékk jólakort ætluð honum

MISSKILNINGUR Í SEXTÍU ÁR

Guðmundur Rúnar Óskarsson

Nú við ævilok vinar míns, starfsbróður og alnafna, Guðmundar Rúnars Óskarssonar, löggilts endurskoðanda, rifjast upp fyrir mér margt skrítið og skoplegt vegna misskilningsins sem tengdist okkur nöfnunum.

En áður en ég segi frá því vil ég þakka nafna fyrir samfylgdina í um sextíu ár. Nafni minn var einstaklega þægilegur og geðfelldur samferðamaður, stilltur og príður. Hvíl í friði nafni minn. Ástvinum nafna sendi ég mínar innilegustu samúðarkveðjur og bið hinn hæsta að veita þeim styrk og huggun í sorginni.

Þetta byrjaði allt fyrir tæpum sextíu árum. Ég var þá 13-15 ára og nafni árinu eldri. Ég réði mig í sumarvinnu í Ísbirninum á Seltjarnarnesi og tók út í sjoppunni gúmmívetlinga, gúmmísvuntu, kók, Lindubuff og fleira. Þegar kom að útborgun voru þessar úttektir ekki dregnar af kaupinu mínu, sem ég var ekkert að spekulera frekar í. Taldi að þetta kæmi þá bara næst. Aftur á móti voru allar mínar sjoppuúttektir dregnar af öðrum starfsmanni, alnafna mínum sem ég hafði ekki hugmynd um að starfaði líka hjá Ísbirninum. Nafni vissi heldur ekkert af mér og fór á skrifstofuna og vildi fá skýringu á allri þessari úttekt sem dregin var af laununum hans. Þeir á skrifstofunni voru ekki í neinum vafa, Guðmundur Rúnar Óskarsson hafði tekið út allar þessar vörur. Misskilningurinn var svo leiðréttur en barna fékk ég fyrst að vita af tilvist nafna.

Síðan gerist það að ég fer á Samvinnuskólann á Bifröst og þar er nafni í öðrum bekk þegar ég er í fyrsta bekk. Þar heldur misskilningurinn áfram en við reyndum að aðgreina okkur með því að hann væri Guðmundur Rúnar Óskarsson senior en ég junior.

Á Bifröst var símstöð og í gegnum hana fóru öll símtöl, bæði þau sem hringt var frá og að skólanum. Símaklefi var við símstöðina og þangað var nemendum vísað, þegar þeir þurftu að tala í símann. Þar réði ríkjum Guðlaug Einarsdóttir, húsmóðir skólans og eiginkona skólastjórans. Guðlaug áttaði sig ekki á að það voru tveir með þessu nafni í skólanum og þegar kærastan mín hringdi og bað um að fá að tala við Guðmund Rúnar Óskarsson kom nafni, oftast en ekki, í símann og kannaðist bara ekkert við þessa konu, hvað þá kærastan við manninn. Svona í framhjálaupi er ekki úr vegi að segja frá því að þegar hringt var frá skólanum þurfti að skrá hver hringjandinn væri, hver væri móttakandi símtalsins og í hvaða númer ætti að hringja. Eitt sinn ætlaði ég að hringja í kærustuna en gleymdi að setja inn símanúmerið. Kristleifur Indriðason, endurskoðandi, bekkjarfélagi minn sá sér leik á borði að sprella svolítið og færði inn símanúmerið 04, sem er símanúmerið hjá fröken klukku. Það næsta sem gerist er að Guðríður, væn kona og hrekklaus, sem var símamær seinna árið mitt á Bifröst, lætur senda eftir mér og tjáir mér að hún nái engu vitrænu sambandi við konuna sem svaraði í símann, hvort þetta væri örugglega rétt símanúmer?

Báðir fengum við nafni bókfærslubíkarinn við útskrift og var því nafnið okkar grafið á bikarinn tvö ár í röð. Þeir sem ekki þekkja til gætu haldið að þessi Guðmundur Rúnar Óskarsson væri bókhaldsnörd sem fallið hafi á lokaprófi og þurft að fara aftur í annan bekk, en verið með svona sérgáfu í bókhaldsfræðum. Næsta sem gerist er að ég fæ löggildingu sem endurskoðandi og nafni þremur árum seinna. Þá heldur þessi misskilningur áfram. Endurskoðendur þurftu, allt til ársins 2000, að færa allar upplýsingar sjálfir inn á framtöl umbjóðanda sinna. Þá gerðist það iðulega að menn hringdu í mig og byrjuðu að telja upp innistæður sínar á bankareikningum og vaxtatekjurnar af þeim, því það vantaði þessar upplýsingar til að klára framtalið þeirra. Ég reyndi að fara fínt í að finna út hver viðmælandinn væri, ef ég áttaði mig ekki á honum, þar til ég áttaði mig á að viðmælandinn var að tala við „vitlausan“ Guðmund og sagði viðmælandanum það. Oft brá mönnum við eftir að hafa þulið upp fyrir ókunnum manni bankainnistæður sínar, sem viðkomandi sagði ekki einu sinni maka sínum frá hverjar væru, og urðu heldur vandræðalegir. Svona símhringingar voru margar þar sem okkur var ruglað saman og menn að ræða við „vitlausan“ Guðmund um sín málefni. Ég hafði bara gaman af þessum uppákomum, leiðrétti misskilninginn við viðmælandann, gaf honum upp símanúmerið hjá nafna og bað um kveðju til hans.



Guðmundur R. Óskarsson féll frá í ágúst 2020.

Við nafni reyndum að slá á þennan misskilning og sömdum okkar á milli um að ég hætti að nota Rúnars nafnið eða R-ið í mínu nafni en hann að halda sér við R-ið eða Rúnars nafnið. Það hafði örugglega eitthvað að segja en var fjarri því að koma í veg fyrir áframhaldandi misskilning.

Svo voru það jólakortin. Í mörg ár fékk hann jólakort sem ég átti að fá, jafnvel frá náskyldum frænda mínum og vini, en ég fékk jólakort ætluð honum. Það var nokkuð skondið þegar ég –KR-ingur af betri gerðinni- var að fá jólakort frá Knattspyrnufélaginu Víkingi með hugheilum (ekki hughálfum) óskum um gleðileg jól og gæfuríkt nýtt ár auk þess sem mér var þakkað fyrir samstarfið og vel unnin störf á árinu. Það kom fyrir að við skiptumst á jólakortum, sem send höfðu verið á rangt heimilisfang, þegar við hittumst á skattadegi FLE.

Þrátt fyrir að nafni minn sé látinn heldur misskilningurinn enn áfram. Skáfrænka mín ein hringdi í Þórð bróður minn fyrir stuttu og vottaði honum samúð sína vegna fráfalls Guðmundar bróður hans. Vinur minn og skólaborðir frá Bifröst, Ögmundur sem býr á Spáni, hringdi í mig fyrir stuttu og var alltaf að tala um við mig hvað hann væri ánægður með að heyra í mér og heyra röddina mína. Ég afgangi þetta tal hans bara með því að líklegast væri Ögmundur kominn í glas og orðinn meyr og tilfíninganæmur, þar til ég fáttaði að hann var að hringja í mig til að kanna hvort ég væri á lífi. Hann hafði þá fengið hringingu frá skólaborður okkar í Noregi, Auðunni, sem hélt því fram, statt og stöðugt, að ég væri látinn.

Nú er bara vita hvort misskilningurinn nær út yfir gróf og dauða. Verður það ef til vill þannig að þegar ég banka upp á Gullna hliðið, hjá Lykla Pétri - en eins og allir vita að þá fara endurskoðendur til himna - að þá fer hann í bókhaldið hjá sér og segir:

Látum okkur nú sjá, heitir Guðmundur Rúnar Óskarsson, vann í Ísbirninum, var á Samvinnuskólanum á Bifröst, fékk bókhaldsbíkarinn, fékk löggildingu sem endurskoðandi og starfaði fyrir Íþróttafélag. Nei góði minn þessi maður hefur þegar skráð sig inn í himnaríki. Þú ert að villa á þér heimildir og átt heima í neðra.

Og þar verð ég að dúsa þar til misskilningurinn verður leiðréttur, innan um suma gömlu kunnanna sem alltaf voru að biðja mig um að aðstoða sig við að svindla á skattinum. Úfff.

Hafnarfirði, 9. september 2020.

Guðmundur Rúnar Óskarsson



...að þrátt fyrir að skattalög falli utan gildissviðs EES samningsins ber aðildarríkjum samningsins engu að síður að beita skattlagningarvaldi sínu þannig að það brjóti ekki í bága við ákvæði samningsins



STAÐGREIÐSLA SKATTS AF ARÐI TIL LÖGAÐILA INNAN EES

Bjarni Þór Bjarnason, meðeigandi, Skatta- og lögræðiráðgjöf Deloitte

BREYTING Á LÖGUM NR. 94/1996 UM STAÐGREIÐSLU SKATTS Á FJÁRMAGNSTEKJUR – ARÐGREIÐSLUR Á MILLI INNLENDRA AÐILA

Í maí sl. voru tóku gildi breytingar á ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, sbr. lög nr. 33/2020 um breytingu ýmsum lögum um skatta og gjöld. Í stuttu máli felur breytingin það í sér að ekki er lengur skylt að halda eftir staðgreiðslu af arði sem úthlutað er á milli félaga sem falla undir 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, en undir ákvæðið falla hlutafélög, einkahlutafélög og samlagshlutafélög sem eru sjálfstæðir skattaðilar.

Fyrir gildistöku ofangreindra breytingalaga hvíldi sú skylda á hlutafélögum að halda eftir staðgreiðslu af arði sem úthlutað var á milli slíkra félaga, enda þótt hann kæmi í raun ekki til skattlagningar þar sem slíkar arðstekjur eru frádráttarbærar samkvæmt 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003. Þó var sú undantekning gerð að ekki var skylt að halda eftir staðgreiðslu skatts af arði sem úthlutað var á milli hlutafélaga sem höfðu fengið heimild til samsköttunar samkvæmt 55. gr. laga nr. 90/2003.

Eins og rakið var í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um frumvarpið sem varð að lögum nr. 33/2020 leiddi þetta fyrirkomulag til óhagræðis fyrir bæði greið-

anda og móttakanda arðs auk þess sem ríkissjóður hefði í raun ekki tekjur af þeirri staðgreiðslu sem skilað væri af slíkum arðgreiðslum. Lagði nefndin því til að ofangreind breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur yrði gerð þar sem kveðið yrði á um að afnumin yrði skylda þeirra félaga sem falla undir 1. tölul. 2. gr. tekjuskattslaga til að halda eftir og skila staðgreiðslu af arðgreiðslum þeirra á milli.

ÓBREYTT LÖG UM STAÐGREIÐSLUSKYLDU ARÐGREIÐSLNA TIL ERLENDRA AÐILA INNAN EES

Athygli vekur að í þinglegri meðferð framangreindra breytingalaga virðist ekki hafa verið hugað að því hvaða áhrif breytingin hefði í för með sér fyrir arðgreiðslur til erlendra lögaðila innan EES.

Samhengisins vegna þykir rétt að nefna að staðgreiðsluskylda skatts af arðgreiðslum til erlendra aðila byggir ekki á sömu ákvæðum og rakin hafa verið hér að framan, heldur byggist hún á lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. A-lið 2. gr. laganna, sbr. 7. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Með lögum nr. 33/2020 voru engar breytingar gerðar á þeim ákvæðum laganna sem varða arðgreiðslur til erlendra aðila.



Samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, er því líkt og áður skylt að halda eftir og skila í ríkissjóð staðgreiðslu af arði sem greiddur er til erlendra aðila, þ.m.t. lög-aðila innan EES.

Í 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 er svo kveðið á um frádráttar-bærni fjárhæða sem hlutafélög, og önnur tilgreind félagaform, hafa fengið greiddar í arð. Með hliðsjón af skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er þar jafnframt kveðið á um að sama frádráttar-bærni eigi við um fjárhæðir sem félög í sömu félagaformum sem skattskyld eru skv. 7. tölul. 3. gr. og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum hafa fengið greiddar í arð.

Á þessum grundvelli hafa erlendir lögaðilar innan EES getað fengið endurgreiddan afdráttarskatt sem haldið hefur verið eftir af arðgreiðslum á grundvelli laga nr. 45/1987 með því að skila skattframtali á næsta gjaldári og færa þar til frádráttar fenginn arð samkvæmt 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003. Sem dæmi um þetta mætti nefna nýlegan dóm Hæstaréttar í máli nr. 2/2020, en upphaf þess máls má rekja til þess að Iceland Seafood International hf. (ISI) greiddi út arð til hluthafans Iceland Seafood Holdings SARL (ISH) sem staðsett var í Lúxemborg. Í samræmi við heimild í 10. gr. tvísköttunarsamnings á milli Íslands og Lúxemborgar hélt ISI eftir og skilaði afdráttarskatti sem nam 5% af arðgreiðslunni og í kjölfarið skilaði ISH skattframtali á Íslandi og óskaði eftir endurgreiðslu afdráttarskattsins á grundvelli frádráttarheimildarinnar. Óumdeilt var í málinu að félagi í Lúxemborg væri heimilt að nýta sér heimild 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 um frádrátt og endurgreiðslu á afdreginni staðgreiðslu af arði en niðurstaða dóms Hæstaréttar var sú að hafna endurgreiðslunni á grundvelli þess að arðsúthlutunin frá ISI hefði verið ólög-mæt.

Með þessu hefur verið leitast við að gæta þess að ekki skatta-lögin mismuni ekki hluthöfum eftir því hvort þeir eru staðsettir á Íslandi eða í öðrum aðildarríkjum innan EES. Það má hins vegar ljóst vera að það getur skipt verulegu máli hvort aðilar þurfi að sæta því að haldið sé eftir staðgreiðslu af arðgreiðslum.

ÓLÖGMÆT MISMUNUN

Með hliðsjón af ofangreindu er ljóst að hlutafélag sem fær greiddan arð frá íslensku hlutafélagi eða einkahlutafélagi er ekki í sömu stöðu eftir því hvort það er staðsett á Íslandi eða í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins. Það er því með öðrum orðum mismunur á stöðu þessara aðila sem byggir eingöngu á ríkisfangi þeirra.

Samkvæmt 40. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skulu engin höft vera á milli samningsaðila á flutningum fjármagns né nokkur mismunur byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar féð er notað til fjárfestinga. Um samspil ákvæðisins og íslenskra skattalaga var m.a. fjallað í dómi EFTA

dómstólsins máli nr. E-14/13 (ESA gegn Íslandi), en í stuttu máli er það svo að þrátt fyrir að skattalög falli utan gildissviðs EES samningsins ber aðildarríkjum samningsins engu að síður að beita skattlagningarvaldi sínu þannig að það brjóti ekki í bága við ákvæði samningsins. Það þýði m.ö.o. að aðildarríkin mega ekki beita skattlagningarvaldi sínu með þeim hætti að aðilum sé mismunað á grundvelli búsetu eða ríkisfangs nema slík mismunun teljist vera réttlætlanleg.

Eins og fram kom í upphafi var tilefni lagabreytingarinnar í maí 2020 fyrst og fremst það óhagræði sem lögaðilar urðu fyrir við það að staðgreiðslu væri haldið eftir af arði sem væri síðan í raun ekki skattlagður með hliðsjón af frádráttarbærni slíkra arðgreiðslna skv. 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003. Af framan-greindu verður ekki annað séð en að nákvæmlega sömu sjónar-mið eigi við um þá lögaðila innan EES sem njóta sömu frá-dráttarbærni á grundvelli sama ákvæðis. Er því vandséð að það geti verið réttlætlanlegt að mismuna innlendum og erlendum lögaðilum innan EES með þeim hætti sem núgildandi lög virð-ast gera.

ER ÞÖRF Á LAGABREYTINGU?

Eins og að framan hefur verið rakið verður ekki annað séð en að núgildandi lög um staðgreiðsluskyldu arðgreiðslna geti leitt til mismununar sem brýtur í bága við 40. gr. EES samningsins.

Samkvæmt lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið hefur meginmál EES samningsins lagagildi hér á landi. Þá er kveðið á um það í 3. gr. laganna að skýra skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES samninginn og þær reglur sem á honum byggja.

Það mætti því hugsa sér að íslensk skattyfirvöld myndu túlka ákvæði laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda til samræmis við ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1996, 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, lög nr. 2/1993 og 40. gr. EES samningsins. Íslensk skattyfirvöld hafa hins vegar almennt sýnt mikla varfærni við slíkar lögskýringar og almennt litið svo á að það sé frekar á valdsviði Alþingis að aðlaga íslensk lög að samnings-skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt EES samningnum.

Verður því að telja líklegt að lagabreytingu þurfi til að aðlaga lög nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda að þeim reglum sem nú gilda um staðgreiðslu skatts af arði á milli innlendra lögaðila samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu opinberra gjalda þannig að sama undanþága frá staðgreiðslu af arði taki til innlendra og erlendra hlutafélaga innan EES. Að öðrum kosti gæti íslenska ríkið talist vera að brjóta samningsskyldur sínar samkvæmt EES samningnum og eftir atvikum bakað sér bótaskyldu gagnvart þeim aðilum sem verða fyrir tjóni af þeim sökum.

Bjarni Þór Bjarnason



Síðastliðið ár hefur verið mjög sérstakt fyrir félagið í alla staði og aðal áskorun þess tengst því með hvaða hætti við gætum staðið að ráðstefnu- og námskeiðahaldi



ÞAÐ HELSTA Í STARFSEMI FLE

Sigurður B. Arnþórsson er framkvæmdastjóri FLE

VIÐBURÐIR

Það er ekki laust við að félagið hafi staðið frammi fyrir ýmsum áskorunum vegna fjöldatakmarkana í tengslum við COVID-19-19 á liðnu starfsári, þá sérstaklega á ráðstefnur og námskeið. Félagið hefur því verið að prófa ýmsar nálganir á því að koma endurmenntun á framfæri við félagsmenn, eins og takmarkaða mætingu ásamt streymi, eingöngu streymi, taka beint upp og gera svo aðgengilegt rafrænt. Það er ljóst að þetta hefur haft ákveðinn viðbótarkostnað í för með sér fyrir félagið, en allt er þetta gert til þess að þjóna félagsmönnum sem best. Þannig náði félagið að standa fyrir samtals 14 viðburðum á starfsárinu sem gáfu 37 endurmenntunareiningar. Til samanturðar þá stóðum við fyrir 18 viðburðum árið á undan sem gáfu 46 einingar.

Félagið stóð fyrir þremur ráðstefnum en síðast liðið vor féll niður Endurskoðunardagurinn í maí, en var sameinaður Reikningskiladeginum núna í september með takmarkaðri mætingu en streymt jafnframt. Þetta tókst vonum framar og var heildarmæting á ráðstefnuna nærri tvö hundruð manns og þar af fylgdust um 80% með í gegnum streymi. Heildarmætingin á þessar þrjár ráðstefnur var mjög góð eða um 520 félagsmenn samanturð við 570 sem mættu árið á undan þegar ráðstefnurnar voru fjórar. Hausráðstefnan var með venjulegu ráðstefnufyrirkomulagi í stað vinnustofuformsins og tókst hún afar vel og fylgdust með henni um 170 félagsmenn.

Þess má geta til gamans að vinnustofufyrirkomulagið á Hausráðstefnunni hefur verið viðhaft allt frá árinu 2011 eða í níu ár en það fyrirkomulag hefur verið afar vinsælt og boðið upp á mikinn fjölbreytileika og sveigjanleika fyrir félagsmenn. Meðal margra áhugaverðra erinda á ráðstefnum á liðnu starfsári má

nefna fróðlegt erindi um IFRS 16 sem og tvær vinnustofur á Hausráðstefnunni sem fjölluðu um kulnun í starfi annars vegar og hins vegar um ófjárhagslegar upplýsingar í ársreikningi.

Á starfsárinu voru haldin níu námskeið, fræðslufundir og aðrir viðburðir og mættu 413 félagsmenn samanturð við átta viðburði árið á undan og mætingu um 375. Margt fróðlegt var til umfjöllunar á þessum námskeiðum og vil ég þar helst nefna umfjöllun um peningabætti, námskeið um endurskoðun rekstrarhæfis og matskenndra liða og síðast en ekki síst aðkomu endurskoðenda að skiptum við sambúðarslit. Á námskeið Ingridar Kuhlman um vinnu endurskoðenda á óvissutímum mættu um 30 félagsmenn en helmingi fleiri hafa nú þegar horft á upptökuna sem er aðgengileg á innri vef félagsins.

Þá bauð félagið upp á þriggja tíma námskeið um arðgreiðslur sem var eingöngu streymt og var áhorfið með eindæmum gott en um 150 félagsmenn fylgdust með því. Undir lok ársins var svo boðið upp á þrjú klukkustundarlöng morgunkorn sem eingöngu voru aðgengileg rafrænt. Haldin voru tvö morgunkorn á starfsárinu, en morgunkornin í febrúar og mars féllu niður á síðustu stundu vegna COVID-19-19. Á annað kornið mætti Bergþór nokkur Pálsson söngvari og lífskúnster og var það einstaklega líflæg morgunstud.

Eins og undanfarin fjögur ár er það svo Skattadagur félagsins sem er fjölmennasti einstaki atburðurinn þar sem um 200 félagsmenn mættu samanturð við 184 á síðast ári og er þetta mesta mæting sem við höfum séð á einstakan viðburð undanfarin 8 ár. Á innri síðu félagsins geta félagsmenn í nær öllum tilvikum fundið glærur af fyrirlestrum frá ráðstefnum, námskeiðum sem og öðrum viðburðum.





Hér er spjallað á hádegisfundi í febrúar 2020.



Frá Skattadeginum – fylgst með af miklum áhuga.

Síðastliðið ár hefur því verið mjög sérstakt fyrir félagið í alla staði og hefur aðal áskorun þess tengst því með hvaða hætti við gætum staðið að ráðstefnu- og námskeiðahaldi. Við vonum því að framboð félagsins hafi aukið fjölbreytileika og möguleika fyrir félagsmenn til að uppfylla þær endurmenntunarkröfur sem gerðar eru og nokkuð ljóst að eitthvað af þessum lausnum munu fylgja okkur inn í COVID-19 lausa framtíð.

NEFNDARSTÖRF

Í ársskýrslu félagsins er að finna ítarlegt yfirlit yfir störf fastanefnda félagsins sem eru sex talsins, en þær eru: Álitsnefnd, Endurskoðunarnefnd, Gæðanefnd, Menntunarnefnd, Reikningsskilanefnd og Skattanefnd. Það er deginum ljósara að störf þessara nefnda og framlag þeirra einstaklinga sem þar leggja sitt af mörkum er afar mikilvæg fyrir félagið og þeim hér með færðar sérstakar þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári.

Álitsnefndinni berast árlega ýmis erindi frá Nefndasviði Alþingis og jafnframt er fylgst með Samráðsgáttinni þar sem birtast frumvörp í vinnslu og ýmsar reglugerðir án þess að óskað sé sérstaklega eftir formlegri umsögn frá félaginu. Á liðnu ári ber helst að nefna breytingar á lögum um ársreikninga og endurskoðun sem og ýmsar reglugerðir sem tengjast störfum endurskoðenda sem voru settar í kjölfar nýrra laga um endurskoðendur og endurskoðun sem tóku gildi í byrjun árs 2020 eins og öllum er kunnugt.

Endurskoðunarnefndin fylgist að venju með því sem er að gerast á sviði endurskoðunar og kom meðal annars að skipulagi Endurskoðunardagsins í vor sem svo frestaðist fram á haustið eins og áður er getið. Að undanförunu hefur svo nefndin verið að skoða og hugleiða hinar ýmsu staðfestingar endurskoðenda með námskeið og leiðbeiningar í huga.



Jakkafatajoga í fullum gangi á ráðstefnu í september.





Framkvæmdastjórinn einmana á námskeiði í samkomubanni.

Gæðanefnd félagsins kom að framkvæmd gæðaeftirlitsins eins og undanfarin tíu ár í umboði Endurskoðendaráðs. Ljóst er út frá lögum í dag að breytingar liggja í loftinu og ekki liggur fyrir með hvaða hætti aðkoma félagsins og nefndarinnar verður í framtíðinni. Félagið hefur aftur á móti átt í viðræðum við Endurskoðendaráð og er tilbúið að veita ráðinu alla þá ráðgjöf og eða aðstoð sem lög og vilji félagsmanna stendur til.

Menntunarnefndin hefur það hlutverk að fylgjast með menntun og endurmenntun félagsmanna og því framboði sem er til staðar hverju sinni á vettvangi félagsins. Einnig kemur hún að skipulagi hinnar árlegu Hausráðstefnu félagsins.

Reikningsskilanefndin hafði í ýmsu að snúast á starfsárinu meðal annars samráð og samtal við Reikningsskilaráð vegna lagabreytinga og reglusetningar ráðsins og má þar sérstaklega nefna innleiðingu IFRS 16 um leigusamninga í íslensk lög.

Skattanefndin kom að skipulagningu ýmissa námskeiða á starfsárinu sem og Skattadeginum. Einnig hafa fulltrúar úr nefndinni öllu jöfnu setið fundi hjá Ríkisskattstjóra með forsvarsmönnum félagsins þegar til umræðu hafa verið frestmál ásamt ýmsum málum sem lúta að betra vinnufyrirkomulagi meðal annars varðandi skattheyðublöð og greinargerðir.

NRF SAMSTARFIÐ

Árið 2015 kynnti Norræna endurskoðendasambandið (NRF) til lögu að endurskoðunarstaðli til notkunar við endurskoðun lítilla fyrirtækja, svokallaðan SASE staðall. Við birtingu SASE kallaði NRF eftir umsögnum hinna ýmsu hagsmunaaðila og létu viðbrögðin ekki á sér standa eða um 200 umsagnir. Í flestum tilfellum voru viðbrögðin jákvæð en það var áberandi sterkt ákall um að Alþjóðlega staðlaráðið (IAASB) kæmi að málum því mikilvægt væri að slíkur staðall hefði alþjóðlega viðurkenningu. Í byrjun árs 2017 var því efnt til ráðstefnu á vegum IAASB þar

sem málið var tekið til umfjöllunar og voru fulltrúar frá NRF m.a. með framsögu þar.

Í framhaldinu var svo stofnaður vinnuhópur á vegum IAASB sem gert var að fjalla frekar um málið og var síðan formlega samþykkt af IAASB í lok árs 2019 að málið yrði tekið til frekari skoðunar. Í þessu ferli hefur staðallinn fengið vinnuheitið staðall fyrir minna flókin fyrirtæki eða „less complexed entities“ (LCE). Það var svo síðan í júní 2020 sem IAASB samþykkti formlega að það skuli lagt í þá vegferð að semja sérstakan staðal fyrir LCE og að stefnt skuli að því að hann verði lagður fram til umsagnar í júní 2021. Þetta er því afar ánægjulegur áfangi fyrir okkar norræna samstarf sem sýnir okkur hvers við erum megnug hafandi það í huga að á Norðurlöndunum eru félagsmenn um 15.000, já og við eingöngu um 400, en félagsmenn að baki samtaka innan Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) sem IAASB tilheyrir eru um þrjár milljónir.



Signý Magnúsdóttir fyrirlesari á ráðstefnu í september.

Í DEIGLUNNI

Formaður félagsins ásamt framkvæmdastjóra heimsóttu níu stærstu endurskoðunarfyrirtækin fyrri hluta ársins 2020. Í þessum heimsóknum var rætt við fulltrúa fyrirtækjanna en hjá þeim starfa um 175 endurskoðendur eða sem nemur um 75% allra starfandi endurskoðenda. Ætlunin var svo að síðsumars yrði reynt að nálgast aðra endurskoðendur sem og endurskoðendafyrirtæki ýmist með heimsóknum eða fundum en í ljósi aðstæðna hefur það verið illa gerlegt. Vonir eru bundnar við að þegar takmörkunum og COVID-19 ástandi linnir þá getum við átt þau samtöl sem við viljum gjarnan eiga við sem flesta endurskoðendur til að ná utan um þær áherslur og framtíðarsýn sem félagsmenn hafa fyrir hönd félagsins og stéttarinnar.

Fráfarandi stjórn og nefndum er þakkað fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári sem og ykkur öllum góðir félagsmenn fyrir að hafa tekið þátt í þeim atburðum sem félagið hefur staðið fyrir á liðnu ári.

Sigurður B. Arnþórsson





Stór breyting er að nú er gert ráð fyrir að endurskoðunarfyrtæki verði valin til að sæta gæðaeftirliti, en ekki einstakir endurskoðendur eins og verið hefur

NÝTT HLUTVERK ENDURSKOÐENDARÁÐS

RÆTT VIÐ ÁSLAUGU ÁRNADÓTTUR FORMANN ENDURSKOÐENDARÁÐS

Ingibjörg Ester Ármannsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG

Ágústa Katrín Guðmundsdóttir endurskoðandi hjá AKG endurskoðun ehf.

Í endurskoðendaráði sitja þrjú aðilar. Það er ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra sem skipar þrjú einstaklinga í endurskoðendaráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Þeir sem nú sitja í ráðinu voru skipaðir frá og með 1. janúar 2020. Þessir aðilar eru:

Áslaug Árnadóttir hefur verið formaður endurskoðendaráðs frá 2013. Hún er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og með framhaldsmenntun í Evrópurétti frá Stokkhólmsháskóla og hefur málflytningsréttindi fyrir Hæstarétti. Áslaug hefur starfað á Alþingi og sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt. Þá var hún skrifstofustjóri og staðgengill ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu í nokkur ár, en starfar nú sem lögmaður hjá Landslögum.

Hildur Árnadóttir hefur átt sæti í endurskoðendaráði frá 2009. Hún er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og fékk réttindi sem löggiltur endurskoðandi 1995 en hefur lagt inn réttindin.

Hildur hefur starfað hjá KPMG, var framkvæmdastjóri fjármála hjá Bakkavör Group hf., forstöðumaður fjárstýringar hjá Íslandsbanka en starfar nú sem ráðgjafi og stjórnarmaður. Hildur situr m.a. í stjórn Sjóvá Almennra trygginga hf., Íslandsstofu og Eldey TLH.

Jón Arnar Baldurs hefur setið í endurskoðendaráði frá ársbyrjun 2020. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur réttindi sem löggiltur endurskoðandi. Jón starfaði sem endurskoðandi hjá PricewaterhouseCoopers ehf. og var fjármálastjóri hjá Nýsi hf. Þá var hann yfirmaður eftirlits með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS) hjá ársreikningaskrá, var endurskoðandi hjá Eimskip og starfaði sem verkefnastjóri hjá Alþjóða reikningsskilaráðinu. Hann starfaði sem kennari við Háskólann í Reykjavík en er nú aðjúnkt við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands auk þess sem hann rekur ráðgjafafyrirtækið Ró ehf.





Áslaugu Árnadóttir
formaður
Endurskoðendaráðs

Við spurðum Áslaugu nokkurra spurninga sem brunnu á félagsmönnum FLE.

Hvers vegna ert þú formaður Endurskoðendaráðs?

Ég var skipaður formaður endurskoðendaráðs sem starfaði á grundvelli eldri laga um endurskoðendur fyrst 2013 og aftur 2017. Svo var ég skipuð formaður endurskoðendaráðs sem starfar á grundvelli gildandi laga um endurskoðendur og endurskoðun frá 1. janúar 2020. Í öll skiptin hef ég verið skipuð af ráðherra án tilnefningar.

Sem formaður Endurskoðendaráðs þarft þú að uppfylla skilyrði um skipan sem héraðsdómari, hvers vegna skiptir það máli að löglærður aðili sé í ráðinu með þessar hæfniskröfur?

Samkvæmt lögum skal formaður endurskoðendaráðs fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara og hefur það skilyrði verið í lögum frá því að endurskoðendaráð var sett á fót með lögum nr. 18/1997. Ég þekki ekki ástæðuna fyrir því að þetta hæfnisskilyrði er í lögum um endurskoðendur, en sama skilyrði er gert til formanna fjölda stjórnarsýslunefnda. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að góð þekking á lögum sé innan endurskoðendaráðs. Ráðið er stjórnarsýslunefnd sem tekur stjórnvaldsákvæðanir og ber að gæta að stjórnarsýslulögum og meginreglum stjórnarsýsluréttar við alla málsmeðferð. Þá reynir mjög oft á túlkun ýmissa laga í störfum ráðsins.

Mikil breyting varð með nýjum lögum um endurskoðendur og endurskoðun sem tóku gildi 1. jan. 2020 á fyrirkomulagi eftirlits með endurskoðendum. Hvernig mun sú breyting verða í framkvæmd?

Miklar breytingar urðu á störfum endurskoðendaráðs með gildistöku laga nr. 94/2019. Meðal annars voru gerðar breytingar á ákvæðum um gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda. Af nýju lögum og reglugerð ESB nr. 537/2014 leiðir að ráðið má ekki lengur útvista framkvæmd gæðaeftirlits með endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum. Það er því ljóst að FLE getur ekki lengur framkvæmt gæðaeftirlit með sama hætti og áður.

Endurskoðendaráð hefur gefið út nýjar reglur um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda, nr. 1091/2020. Í reglunum er kveðið á um að ráðið sjálft, eða starfsmenn á vegum þess, framkvæmi gæðaeftirlit á endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum. Varðandi gæðaeftirlit á annari endurskoðun þá gera reglurnar ráð fyrir því að ráðið framkvæmi það eftirlit eða semji við fagfélög endurskoðenda um framkvæmd gæðaeftirlits hjá félagsmönnum sínum. Endurskoðendaráð hefur átt í viðræðum við FLE um þetta, en enn liggur ekki fyrir hvort að samið verður við félagið vegna gæðaeftirlits 2021.

Þá er það einnig nýmæli að gátlistar sem birtir voru með fyrri reglum, eru nú birtir á heimasíðu ráðsins. Er ætlunin að auka sveigjanleika með þessu og gefa tækifæri á að uppfæra gátlistana árlega ef ástæða þykir til. Loks hefur gjaldskrá fyrir gæðaeftirlit verið samþykkt af ráðherra og biður birtingar í Stjórnartíðindum.

Stór breyting er að nú er gert ráð fyrir að endurskoðunarfyrirtæki verði valin til að sæta gæðaeftirliti, en ekki einstakir endurskoðendur eins og verið hefur. Er gert ráð fyrir því að fyrst fari fram skoðun á gæðakerfum endurskoðunarfyrirtækis og að ákveðið verði á grundvelli niðurstöðu þeirrar skoðunar hvaða verkefni koma til skoðunar.

Við lok gæðaeftirlits er svo gert ráð fyrir að haldinn verði fundur með endurskoðanda eða fyrirsvarsmanni endurskoðunarfyrirtækis þar sem farið verður yfir niðurstöður eftirlitsins.

Vegna COVID-19 náðist því miður ekki að framkvæma gæðaeftirlit á árinu 2020, en gert er ráð fyrir að eftirlit verði framkvæmt á grundvelli nýju reglnanna á árinu 2021.

Telur þú að endurskoðendur geti fylgst með eigin störfum? (Hagsmunasamtök og eftirlit – fer það saman?)

Það má alltaf deila um það hvort að fagfélög séu réttu aðillinn til að hafa eftirlit með sínum félagsmönnum. Að mínu mati hefur framkvæmd FLE á gæðaeftirliti síðustu ár gengið mjög vel og hefur eftirlitið verið framkvæmt af fagmennsku. Þá er gæðaeftirlit með endurskoðun eininga sem ekki eru tengdar almannahagsmunum framkvæmt af fagfélögum bæði í Noregi og Svíþjóð. Hef ég rætt það fyrirkomulag bæði við sænska og norska eftirlitsaðila sem telja fyrirkomulagið hafa reynst vel.

Eins og kemur fram í svari þínu hér að framan þá hafa miklar breytingar orðið á störfum endurskoðendaráðs með gildistöku laga nr. 94/2019. Hver eru helstu störf endurskoðendaráðs eftir þessar breytingar fyrir utan gæðaeftirlit með endurskoðendum?

Hlutverk endurskoðendaráðs er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, síðareglur endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Á grundvelli þessa veitir endurskoðendaráð löggildingu til endurskoðunarstarfa og veitir endurskoðunarfyrirtækjum starfsleyfi. Þá getur ráðið fellt þessi réttindi niður og heldur skrá yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sem birt er á heimasíðu ráðsins.

Endurskoðendaráð hefur einnig eftirlit með því að kröfum um óhæði skv. V. kafla laga um endurskoðendur og endurskoðun sé fylgt. Einnig hefur ráðið eftirlit með kröfum um endurmenntun skv. 9. gr. laganna og starfsábyrgðartryggingu skv. 8. gr. laganna. Þá tekur ráðið til meðferðar kvartanir sem berast, en ráðið getur einnig tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði.

Ráðið skipar prófnefnd endurskoðenda og fylgist með því að aðrir en endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki noti ekki hugtakið endurskoðandi eða endurskoðun. Þá hvílir á endurskoðendaráði eftirfylgni með innleiðingu góðrar endurskoðunarvenju og siðareglum endurskoðenda. Auk þess sem ráðið hefur heimild til beitingar viðurlaga vegna brota gegn lögum um endurskoðendur og endurskoðun.

Endurskoðendaráð tekur þátt í starfi CEAOB fyrir hönd Íslands og hefur samvinnu við evrópsk og norræn eftirlitsstjórnvöld.

Hver eru stærstu framfaraskrefin sem stigin voru að þínum dómi með uppfærslu á lögum um endurskoðendur og endurskoðun? (Ný lög tóku gildi 1.1.2020)

Að mínu mati snúa mikilvægustu breytingarnar, sem gerðar voru með lögfestingu nýrra laga um endurskoðendur og endurskoðun, að því að nú er allt eftirlit með endurskoðendum á einni hendi, en áður var það hjá þremur aðilum. Þá tel ég mikilvægt að endurskoðendaráð hafi fengið heimildir til að bregðast við brotum endurskoðunarfyrirtækja, en slíkar heimildir voru ekki í eldri lögum. Loks tel ég ákvæði 14. gr. laganna um góða endurskoðunarvenju og hvað felst í henni mikilvæga réttarbót sem færir íslensk lög nær lögum nágrannaþjóða okkar hvað þetta varðar.

Hvernig verður skýrslugjöf varðandi niðurstöður af gæðaeftirlitinu, verða þær birtar fyrir einstaka skoðun eða samanteknar niðurstöður?

Gert er ráð fyrir að gerð verði skýrsla um niðurstöðu gæðaeftirlits í hverju endurskoðunarfyrirtæki og hún send fyrirtækinu. Hvað varðar birtingu niðurstaðna mæla reglur um gæðaeftirlit fyrir um að heildarniðurstaða gæðaeftirlits verði birt árlega, eins og verið hefur.

Kostnaður af eftirlitinu, teljið þið að hann muni breytast með breyttu fyrirkomulagi?

Ráðherra hefur nú samþykkt gjaldskrá fyrir gæðaeftirlit, sem birt hefur verið í Stjórnartíðindum nr. 1441/2020. Þar er tíma- og gjald gæðaeftirlitsmanna nokkuð hærra en verið hefur við framkvæmd FLE og því er líklegt að kostnaður við að sæta gæðaeftirliti muni aukast eitthvað. Hins vegar tel ég að með því að

beina gæðaeftirliti einkum að endurskoðunarfyrirtækjum og að sama teymi gæðaeftirlitsmanna skoði nokkurn fjölda verkefna samhliða hjá hverju fyrirtæki muni tími sem fer í skýrslugerð, samskipti og frágang mögulega minnka miðað við það fyrirkomulag sem tíðkast hefur. Auk þess ætti fyrirkomulagið að auka líkur á að það lendi ekki í gæðaeftirliti á hverju ári, en hjá stærstu endurskoðunarfyrirtækjunum hafa einhverjir endurskoðendur verið í gæðaeftirliti á hverju ári.

Ársreikningaskrá hefur undanfarin ár gefið út áhersluatriði í sínu lögbundna eftirliti með ársreikningum. Stundum varða þessi áhersluatriði endurskoðaða ársreikninga sérstaklega. Hafa endurskoðendaráð og ársreikningakrá með sér samráð um eftirlit? Telur þú að eftirlitið skarist eða eru áherslurnar ólíkar?

Endurskoðendaráð og Ársreikningaskrá hafa átt í mjög góðu samstarfi og ég á von á því að það samstarf muni aukast enn í framtíðinni. Ég tel eftirlit þessara aðila ekki skarast almennt. Hins vegar er óskýrt í lögum hvort Ársreikningaskrá eða endurskoðendaráð eigi að hafa eftirlit með endurskoðunarnefndum, en ég á von á því að lagt verði fram frumvarp fljótlega sem skeri úr um þann vafa.

Áherslur í gæðaeftirliti hafa snúist um endurskoðuð verkfæri og fylgni við staðla þeim tengdir á sama tíma og störf endurskoðenda eru mun fjölbreyttari. Hefur endurskoðendaráð markað stefnu varðandi fjölbættara eftirlit með störfum endurskoðenda í samræmi við skyldur sínar?

Valdsvið endurskoðendaráðs nær helst til þeirra starfa endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja er lúta beint að endurskoðun og hefur eftirlit ráðsins eðli málsins samkvæmt beinst að þeim þáttum.

Núna er IAASB (International Auditing Assurance Standards Board) búin að samþykkja nýjan gæðastaðal sem á við um þau félög sem sinna endurskoðun og staðfestingavinnu, það er ISQM1, sem tekur gildi í desember 2022. Er einhver vinna hafin hjá Endurskoðendaráðinu í tengslum við innleiðingu á nýjum staðli?

Endurskoðendaráð hefur lagt drög að þeirri vinnu, en hún er ekki hafin.

Prófum til löggildingar í endurskoðun var aðeins breytt í ár, eru einhverjar fleiri breytingar í farvatninu?

Breytingin sem gerð var á fyrirkomulagi prófa var gerð til að koma til móts við ábendingar. Var próftími lengdur og prófinu skipt í tvennt. Ekki eru neinar áætlanir um að breyta fyrirkomulagi prófa frekar að svo stöddu. Þó munu endurskoðendaráð og prófnefnd leita eftir endurgjöf frá þeim sem þreyttu prófin að þessu sinni og meta stöðuna þegar þær upplýsingar liggja fyrir.

*Ingibjörg Ester Ármannsdóttir
Ágústa Katrín Guðmundsdóttir*



FÉLAG KVENNA Í ENDURSKOÐUN

STUTTAR FRÉTTIR

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir,
endurskoðandi hjá PwC



Félag kvenna í endurskoðun (FKE) var stofnað þann 23. nóvember 2004 í Ráðhúsi Reykjavíkur með það í huga að efla tengslanet kvenna sem starfa í endurskoðun og er því að nálgast bílprófsaldurinn.

Stofnendur félagsins voru nokkrar af fyrstu kvenendurskoðendum á Íslandi, þar á meðal Erna Bryndís Halldórsdóttir sem seinna varð fyrsti heiðursfélagi FKE. Tilgangur félagsins er að efla samstarf og tengsl ásamt því að styrkja stöðu kvenna sem hlotið hafa löggildingu í endurskoðun á Íslandi.

Félagið hélt aðalfund sinn í sumarlok 2020 þar sem þessar myndir voru teknar. Sif Einarsdóttir, endurskoðandi hjá Deloitte lét af störfum sem formaður FKE eftir gott starf í stjórn félagsins og við tók Íris Þ. Ólafsdóttir, endurskoðandi hjá PwC. Ný fimm manna stjórn var kjörin ásamt tveimur varamönnum. Tekið var vel á móti nýjum löggiltum konum, þeim Elínu Pálmadóttur, Önnu Guðrúnu Gunnlaugsdóttur og Fríðu Elmarsdóttur og voru þær boðnar velkomnar í félagið.



Ný stjórn FKE 2020-2021: Hildur, Kristbjörg, Sara Henný og Íris. Varamenn í stjórn: Rita og Ágústa. Á myndina vantar Elvu Dröfn stjórnarkonu.



Nýjar löggiltar: Anna Guðrún, Fríða og Elín voru boðnar velkomnar í félagið.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra var gestur kvöldsins og ræddi við félagskonur um það hvernig það er að vera kona á Alþingi. Þá var farið yfir helstu viðburði ársins en þar stóð upp úr 15 ára afmælishátíð FKE sem haldin var á Hótel Natura við mikinn fögnuð þar sem söngkonan Heiða Ólafs skemmti konum fram á kvöld og mikið var um skemmtileg atriði og góðar ræður.

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur ekki síður haft áhrif á starfsemi félagsins líkt og á önnur félög á Íslandi, en fella þurfti niður fyrirhugaða heimsókn á Alþingi og færa aðalfundinn fram til ágúst sem almennt hefur verið haldinn í maí ár hvert.

Að lokum hvetur stjórn félagsins allar löggiltar konur að ganga til liðs við félagið, óháð því hvort þær starfi við endurskoðun.

Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir



Tveir metrar á milli. Við kunnum að fara eftir reglum enda með löggildingu í því.



NÝIR LÖGGILTIR ÚTSKRIFT Í DESEMBER 2020

Endurskoðendaráð afhenti nýútskrifuðum endurskoðendum löggildingarskírteini sín þann 22. desember síðastliðinn. Töluverðar breytingar hafa orðið á prófunum því núna eru tvö próf og geta menn valið um að taka annað þeirra eða bæði. Það voru sautján sem þreyttu prófið í endurskoðun og reikningsskilum og af þeim voru níu sem stóðust prófið. Þá voru tuttugu sem þreyttu prófið í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhalði og stjórnendareikningsskilum og sjö manns stóðust það. Af þeim sem fóru í bæði prófin voru það sex sem stóðust, þar af fjórar konur og hafa þau öll gerst félagsmenn.

Anna Kristín Kristinsdóttir, EY
Hugrún Arna Vigfúsardóttir, Deloitte
Kateryna Hlynsdóttir, EY
Kristján Ari Sigurðsson, EY
Stefán Jóhann Jónsson, EY
Þórunn Mjöll Jónsdóttir, PwC

Við óskum nýjum löggiltum endurskoðendum til hamingju með áfangann og bjóðum velkomin í félagið.



Á myndinni frá vinstri eru: Kristján Ari Sigurðsson, Kateryna Hlynsdóttir, Anna Kristín Kristinsdóttir, Þórunn Mjöll Jónsdóttir og Hugrún Arna Vigfúsardóttir. Á myndina vantar Stefán Jóhann Jónsson. Myndin er birt með leyfi endurskoðendaráðs.

TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ - ÁRIÐ 2021

Nafn endurskoðenda	Lífaldur
Oddur Ás Garðarsson	30
Andri Elvar Guðmundsson	40
Elfa Björg Aradóttir	40
Svavar Stefánsson	40
Guðmundur Ásgeirsson	40
Berglind Klara Daníelsdóttir	40
Ingvi Björn Bergmann	40
Helga Hjálmrós Bjarnadóttir	40
Hulda Sigurbjörnsdóttir	40
Hörður Sigurjón Bjarnason	40
Katrín Gustavsdóttir	40
Guðmundur Ingólfsson	40
Árni Þór Vilhelmsson	40
Árni Böðvarsson	50
Ómar Davíðsson	50
Laufey Gunnarsdóttir	50
Ljósbrá Baldursdóttir	50
Margrét H. Nikulásdóttir	50
Hólmfríður Inga Eypórsdóttir	50
Ritawati Effendy	50
Hlynur Sigurðsson	50
Anna Sif Jónsdóttir	50
Guðni Þór Gunnarsson	50

Nafn endurskoðenda	Lífaldur
Hildur Sigurðardóttir	50
Halla María Helgadóttir	50
Böðvar Kári Ástvaldsson	50
Stefán Hilmar Hilmarsson	60
Hjalti Schiöth	60
Þórdís Dröfn Sigurðardóttir	60
Auður Ósk Þórisdóttir	60
Jón Þór Hallsson	70
Hinrik Þór Harðarson	70
Þorvaldur Kári Þorsteinsson	70
Hjalti Magnússon	70
Hreggviður G. Þorsteinsson	75
Stefán Svavarsson	75
Gunnar Hjaltalín	75
Ómar Kjartansson	75
Helgi Númason	75
Victor Knútur Björnsson	75
Guðmundur Sveinsson	80
Valdimar Guðnason	80
Ólafur B. Kristinsson	80
Sigurður Þórðarson	80
Guðmundur E. Erlendsson	85
Helgi V. Jónsson	85



DAGUR	VIÐBURÐUR	STAÐUR	FORM	EFNI	EININGAR
21. jan.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Endurskoðun	3
22. jan.	Skattadagur	Grand hótél	Ráðstefna	Skattamál	4
3. feb.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Prófnefnd og nýir löggiltir	0.5
25. feb.	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Reikningsskil	2
25. mars	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
29. apríl	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
20. maí	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
21. maí	Endurskoðunardagur	Grand hótél	Ráðstefna	Endurskoðun	4
26. maí	Námskeið	Skrifstofa FLE	Námskeið	Að taka löggildingarpróf	2
7. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Löggildingarpróf - yfirferð	5
16. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
17. sept.	Reikningsskiladagur	Grand hótél	Ráðstefna	Reikningsskil	4
17. sept.	Gleðistund	Óákveðið	Skemmtun	Léttmeti	
21. okt.	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
4. nóv.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
5. nóv.	Haustráðstefna	Hilton Reykjavík Nordica	Ráðstefna - vinnustofur	Fjölbreytt	5
5. nóv.	Aðalfundur	Hilton Reykjavík Nordica	Félagsfundur	Innri mál FLE	1
7. des.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Skattamál	3